


LÆRA

TUNGU-  
MÁLID




# ÚTBROT



BJÖRT,  
FRAMTÍÐ



FALSFRETTIR



# EFNISYFIRLIT

## I. HLUTI

RAFÍÐRÓTTIR . . . . .	2
VERKEFNI . . . . .	3
ÁHRIFAVALDAR: UNGUR AÐGERÐARSINNI . . . . .	4
VERKEFNI . . . . .	6
ÚT AF MEÐ DÓMARANN . . . . .	7
VERKEFNI . . . . .	8, 9, 10
KVIKMYNDARÝNI – CAPTAIN MARVEL . . . . .	11
VERKEFNI . . . . .	13
HJARTSLÁT TUR HAFSINS . . . . .	14
VERKEFNI . . . . .	17
HVAÐ ER ROKKTÓNLIST? . . . . .	18
VERKEFNI . . . . .	19
UPPFINNINGAR: RJÓMÁISINN . . . . .	20
VERKEFNI . . . . .	21
GAGGÓ VEST . . . . .	22
VERKEFNI . . . . .	23
ÞAÐ SEM ÁÐUR VAR EN ER EKKI LENGUR . . . . .	24
EFTIRLESTUR . . . . .	26–27
ORÐAFOÐI . . . . .	28
VERKEFNI . . . . .	29
ÓMÓTSTÆÐILEG MÁLVERK . . . . .	30
VERKEFNI . . . . .	32

## II. HLUTI

ÍSLAND – PORTÚGAL . . . . .	34
VERKEFNI . . . . .	36
HVÍTHÁKARLAR . . . . .	37
VISSIR ÞÚ AÐ . . . . .	40
VERKEFNI . . . . .	40–41
HÁKARLAÁRÁSIR . . . . .	42
VERKEFNI . . . . .	44
LANDA – KORTIÐ . . . . .	45
VERKEFNI . . . . .	45, 46, 47
ÞÚ KEMST HVERT Á LAND SEM ER MEÐ STRÆTÓ . . . . .	48
VERKEFNI . . . . .	49
EINRÆÐA . . . . .	50
VERKEFNI . . . . .	51
ORIGAMI . . . . .	52
VERKEFNI . . . . .	53
UPPFINNINGAR: STRIGASKÓR . . . . .	54
VERKEFNI . . . . .	55

ÖRSÖGUR – PRÓSA LJÓÐ . . . . .	56
VERKEFNI . . . . .	56
PLAGGAT EÐA PLAKAT ... JAFNVEL PLAGAT . . . . .	57
VERKEFNI . . . . .	58
HVER ER BANKSY? . . . . .	59
VERKEFNI . . . . .	60
ORÐAFOÐI . . . . .	61
VERKEFNI . . . . .	62
ÁHRIFAVALDAR: HUGVITSMÁÐUR MEÐ HUGSJÓN . . . . .	63
VERKEFNI . . . . .	65
HVAÐ ER LÓFALESTUR? . . . . .	66
VERKEFNI . . . . .	68

## III. HLUTI

ÁT TA SKREF Í ÁTT AÐ BÍLPRÓFI . . . . .	70
VERKEFNI . . . . .	73
RÓMANTÍK Í MÁLFRÆÐI . . . . .	74
VERKEFNI . . . . .	75
ÆTTARBÖND . . . . .	76
ÆTTARTRÉ . . . . .	80
VERKEFNI . . . . .	80–81
HVAÐ ERU PENINGAR OG HVERNIG Á AÐ FARA MEÐ ÞÁ? . . . . .	82
VERKEFNI . . . . .	86–87
KETTIR – Í LJÓSI SÖGUNNAR . . . . .	88
VERKEFNI . . . . .	88–89
ÁHRIFAVALDAR: BLÓÐUG BARÁTTA . . . . .	90
VERKEFNI . . . . .	91
HVERS VIRÐI ER HÖFUNDARRÉTTUR? . . . . .	92
VERKEFNI . . . . .	93, 95, 98
RITDÓMUR – SÓLHVÖRF . . . . .	99
VERKEFNI . . . . .	101
SEMENYA, MARGFALDUR MEISTARI . . . . .	102
VERKEFNI . . . . .	103
UPPFINNINGAR: @ MERKIÐ . . . . .	104
VERKEFNI . . . . .	105
ORÐAFOÐI . . . . .	106
VERKEFNI . . . . .	107
TÓNLISTARHÁTIÐIR . . . . .	108
VERKEFNI . . . . .	109
HEIMILDIR . . . . .	110
LJÓSMYNDIR . . . . .	111




I. HLUTI





## RAFÍÞRÓTTIR

RAFÍÞRÓTTIR NJÓTA MIKILLA VINSÆLDA UM ALLAN HEIM OG HEFUR ALÞJÓÐAÓLYMPÍUNEFNDIN SÝNT ÁHUGA Á AÐ TAKA GREININA INN Á ÓLYMPÍULEIKANA Í PARÍS ÁRIÐ 2024.



Rafíþróttir er samheiti yfir skipulagða keppni í tölvuleikjum. Í gegnum tíðina hefur þetta átt við þegar margar tölur eru settar upp í sama rými og fólk keppist við að standa sig sem best. Þannig var keppt á heimsmeistaramótinu í Atari leiknum *Space Invaders* árið 1980.

Síðan þá hefur tækninni fleygt fram og tölvuleikir í dag eru að miklu leyti spilaðir í gegnum netið. Þetta nýja umhverfi hefur skapað mun betri aðstæður til samkeppni en áður, ekki þarf lengur fjölmargar tölur á einum stað heldur geta lið frá öllum heimshornum keppt á móti hvert öðru á netinu.

Á síðustu 10 árum hafa vinsældir rafíþróttar aukist gríðarlega. Í dag eru yfir 400 milljónir manna sem fylgjast með rafíþróttum í heiminum og hafa stærstu viðburðirnir sett áhorfsmet sem gefa hefðbundnum íþróttum ekkert eftir. Sem dæmi má nefna að yfir 60 milljón manns fylgdust með úrslitaleik liðanna Royal Never Give Up og Kingzone Dragonx í *League of Legends* sumarið 2018. Það er þrefaldur fjöldi þeirra sem horfðu á úrslitaleik bandarísku körfuboltadeildarinnar, NBA árið 2017. Annar rafíþróttaviðburður í Katowice, Póllandi árið 2017 dró að 173.000 áhorfendur, tvöfalt fleiri en voru viðstaddir Ofurskálina eða Super Bowl sem er úrslitaleikurinn í bandarísku ruðningsdeildinni, NFL sama ár.

Samhliða þessum vexti hafa rafíþróttir einnig vaxið hratt sem iðnaður. Það er ekki langt síðan bestu spilarar heims æfðu sig heima án þjálfara og þurftu sjálfir að sjá um ferðalög sín og útgjöld. Lítið var um stuðning. Í dag æfa atvinnumenn markvisst undir handleiðslu þjálfara í húsnæði sem þeim er útvegað af liðinu. Mörg lið eru einnig með kokka, næringarfræðinga, einkaþjálfara og íþróttasálfræðinga til að hjálpa til við að ná sem bestum árangri.

Rafíþróttir eru nú meðal fremstu íþróttta heims þegar kemur að verðlaunafé, áhorfi, umgjörð og stuðningi við atvinnuspilara. Næstu skref eru að skapa aðstæður og tækifæri sem leyfa flestum að iðka rafíþróttir á markvissan og heilbrigðan hátt og njóta góðs af.

## HVAÐ SEGJA SPILARAR?

Tölvuleikjasamfélagið á Íslandi er sífellt að styrkjast og keppendum sem standa framarlega í alþjóðlegum samanburði fjölgar hratt. Agnes Helgu- Antonsdóttir hefur spilað tölvuleiki frá níu ára aldri og stefnir nú á atvinnumennsku. „Mér finnst bara rosalega gaman að spila og mig langar að verða betri. Ég er líka gríðarleg keppnismanneskja, elska að keppa og helst vinna. Ég stefni þess vegna á að taka þátt í mótum bæði hér heima og erlendis. Núna er ég bara að æfa eins mikið og ég get svo ég nái markmiðinu sem fyrst. Ég er í flottu liði sem er skipað bæði strákum og stelpum og ég hef fulla trú á því að við eigum eftir að rústa keppnum í framtíðinni.“



Hallgrímur Snær vill sjá sterkt íslenskt landslið taka þátt í alþjóðlegum mótum í náninni framtíð. „Við þurfum að hlúa vel að ungum spilarum og koma saman landsliði sem fyrst. Við höfum alla burði til að ná langt í greininni. Margir ungir spilarar sýna snilldartakta og gætu náð mjög langt ef þeir njóta stuðnings og góðrar þjálfunar. Það eru ótrúlega spennandi tímar framundan í þessari grein.“



## VERKEFNI

1. Í dag er auðveldara en áður að halda stór keppnismót í rafíþróttum. Af hverju? Hvað hefur breyst?
2. Aðbúnaður atvinnuspilara hefur líka breyst. Hvernig? Nefnið dæmi.
3. Árið 2024 gæti skipt sköpum fyrir rafíþróttir. Hvers vegna?
4. Eru rafíþróttir alvöru íþrótt að þínu mati? Færðu rök fyrir máli þínu.
5. Í rafíþróttum eru ekki sérstakir karla- og kvennaflokkar líkt og í flestum öðrum íþróttagreinum. Af hverju ætli það sé raunin?
6. Af hverju ætli bestu rafíþróttalið heims vinni með næringarfræðingum og einkaþjálfurum?




KRASU!





## ÁHRIFAVALDAR: UNGUR AÐGERÐARSINNI



ÞETTA ER GRETA  
TINTIN ELEONORA  
ERNMAN THUNBERG

Hún er fædd þann 3. janúar 2003 og býr með fjölskyldu sinni í Svíþjóð. Greta er yfirlýstur **aðgerðarsinni** með sérstakan áhuga á umhverfismálum. Greta er ágætur nemandi, greind með einhverfu (Aspergers) og áráttu-þráhyggjuröskun. Hún vakti heimsathygli árið 2018 þegar hún fór í skólaverkfall til að gagnrýna **aðgerðarleysi** stjórnvalda gagnvart loftslagsbreytingum. Greta er grænkeri, er annt um **kolefnisfótspor** sitt og fjölskyldu sinnar og neitar að stíga upp í flugvél.

### SKÓLAVERKFAILLIÐ

Haustið 2018 voru þingkosningar fram undan í Svíþjóð. Frambjóðendur kepptust um að kynna **stefnu** sína og tala um það sem þeim þótti mikilvægast fyrir framtíð þjóðarinnar. Gretu var **misboðið**. Enginn virtist hafa áhyggjur af örum loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á næstu kynslóðir manna og dýra. Hún ákvað að gera eitthvað í málinu. Þann 18. ágúst 2018 valdi Greta að mæta ekki í skólann eins og vanalega heldur fór að sænska þinghúsinu með mótmælaspjald. Hún vildi vekja athygli á loftslagsbreytingum og fara fram á að frambjóðendur til þings lofuðu að minnka kolefnislosun og fylgja Parísarsamkomulaginu.



Greta mætti fyrir framan þinghúsið og dvaldi þar á skólatíma, alla daga fram að kosningum 9. september. Á mótmælaspjaldi hennar stóð: Skólaverkfall fyrir loftslagið. Eftir kosningarnar hélt hún mótmælunum áfram, alla föstudaga.

## NEMENDUR ALLRA LANDA SAMEINIST



Aðgerðir Gretu vöktu fljótt athygli um allan heim. Ungmenni um víða veröld sáu þarna tækifæri til að hafa áhrif á framtíð sína og láta í sér heyra. Í desember 2018 höfðu meira en 20.000 nemendur í a.m.k. 270 borgum skipulagt föstudagssamkomur til að mótmæla aðgerðaleysi

**yfirvalda** í loftslagsmálum. Þúsundir ungmenna hópuðust saman m.a. á Íslandi, í Ástralíu, Austurríki, Belgíu, Kanada, Hollandi, Þýskalandi, Finnlandi, Danmörku, Japan, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum. Skilaboðin voru skýr: Ungt fólk vill bregðast við vandanum, taka á honum af alvöru og það strax! Mótmælendur notuðu myllumerkið #FridaysForFuture til að skipuleggja fundi og hvetja til þátttöku.

## HVAÐ ÞARF MARGA FÖSTUDAGA TIL?

Greta er ekki hætt. Hún ávarpaði fundarmenn á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember 2018 og krafðist aðgerða. Í janúar 2019 ferðaðist hún til Davos í Sviss til að hvetja Alþjóðaefnahagsráðið (WEF) og ýmsa stærstu leiðtoga viðskiptalífsins til að tryggja græna framtíð fyrir komandi kynslóðir. Ólíkt öðrum, sem mættu fljúgandi til ráðstefnunnar, ferðaðist Greta með lest og tók ferðalagið hana 32 klukkustundir.



Ekki eru allir hrifnir af uppátæki Gretu og annarra ungra aðgerðarsinna. Greta hefur verið kölluð athyglissjúk og ýmsir gagnrýna hana fyrir að hvetja ungt fólk til að skröpa í skólanum.



## VERKEFNI

#FRIDAYSFORFUTURE

1. Hvert er helsta hugðarefni Gretu?
2. Hver var tilgangur hennar með því að sleppa skóla í ágúst 2018?
3. Hvernig breyttust mótmælin eftir kosningarnar?
4. Hvað varð til þess að 20.000 ungmenni ákváðu að mótmæla aðgerðaleyfi yfirvalda árið 2018?
5. Hverju vildu ungmennin koma á framfæri?
6. Hvernig komu mótmælendur upplýsingum á milli sín?
7. Af hverju þykir það frétt næmt að Greta hafi verið 32 klukkutíma á leið sinni til Sviss?
8. Skoðaðu feitletruðu orðin. Finndu merkingu þeirra með aðstoð orðabókar eða með öðrum leiðum og skrifaðu hjá þér.
9. Hvað er Parísarsamkomulagið? Leitaðu upplýsinga og skráðu hjá þér stutta útskýringu.



10. Sitt sýnist hverjum um aðgerðir Gretu og ungs fólks um allan heim. Eiga mótmælin rétt á sér að þínu mati? Er réttlætlegt að skrópa í skóla til að mæta á slík mótmæli? Hver er þín skoðun? Færðu rök fyrir máli þínu.







ÍÞRÓTTIR | 25.01.2019 | 09:52 | UPPFÆRT: 10:45



DÓMHILDUR  
GESTSDÓTTIR

ÚT AF MEÐ DÓMARANN

INN Á MEÐ AFA HANS!

ÞAÐ ER ALGENGT  
AÐ ÞRÆTA VIÐ  
DÓMARANN



Það deila fæstir um það að dómarar eru hluti af leiknum og að þeir eru nauðsynlegir til þess að leikurinn gangi sem best fyrir sig. Í hvaða leik sem er og í hvaða íþrótt sem er.

Flestir eru líka sammála um að starf þeirra er ekki öfundsvært.

Sérstaklega ekki þegar dómgæslan kallar á dónalegar athugasemdir og úthúðun áhorfenda.

Stundum verður dómurum þó á í messunni og höfum við á *Fréttafléttunni* tekið saman þrjú dæmi sem sýna að dómarar eru, þegar allt kemur til alls, mannlegir.

## SKÆRI, BLAÐ, STEINN

Í október 2018 rölti David McNamara inn á leikvöllinn á undan leikmönnum kvennaliða Reading og Manchester City. Ekki grunaði hann þá að þessi leikur myndi draga dijk á eftir sér meira að segja út af ákvörðun sem hann tók áður en leikurinn byrjaði.

Í knattspyrnureglum enska knattspyrnusambandsins segir að kasta eigi upp smámynt til að ákveða hvort liðið byrjar með boltann. Ekki vildi betur til en svo að þennan dag hafði David gleymt myntinni, sem hann ætlaði að nota, inni í dómaraherberginu. Hann tók þá ákvörðun að láta leikmenn fara í leikinn steinn, skæri, blað til þess að skera úr um hvort liðið byrjaði með boltann. Knattspyrnusambandið var ekki sátt við þessa ákvörðun Davids og úrskurðaði hann í þriggja vikna dómaraþann. Sambandið hefði frekar kosið að David hefði farið inn í klefa og sótt smámyntina.

Aðrir enskir dómarar stóðu með David og gagnrýndu ákvörðun knattspyrnusambandsins. Þeir vöktu athygli á því að leikmaður sem brýtur af sér og fær þriggja leikja bann getur komið aftur inn á völlinn eftir sjö til

tíu daga. Eins bentu þeir á að í upptalningu um hluti, sem dómurum er skylt að bera á sér á meðan leik stendur er hvergi minnst á smámynt. Eingöngu fjórir hlutir eru taldir upp í regluverkinu:

- Flauta

- Skeiðklukka

- Gul og rauð spjöld

- Skrifblokk og skriffæri til að skrá niður atvik sem upp koma í leiknum



Yfir hundrað dómara í neðri deildum enska fótboltans sýndu David samstöðu í næstu leikjum eftir að hann fékk þriggja vikna bannið. Í stað þess að varpa hlutkesti í upphafi leiks, létu þeir fyrirliðana leika stein, skæri, blað og tóku áhættu með því að verða sjálfir settir í bann.

## VERKEFNI

1. Finndu a.m.k. tíu orð sem byrja á dóm- (t.d. dómari, dómsdagur)
2. Í hvaða landi fór þessi knattspyrnuleikur fram?
3. Hvað hefði dómari átt að gera þegar hann áttaði sig á því að smámyntin varð eftir í dómaraklefanum samkvæmt knattspyrnu-sambandinu?
4. Nefnið tvennt sem dómara nýttu til að rökstyðja gagnrýni sína á dómabannið?
5. Hvernig sýndu aðrir dómara David samstöðu?
6. Skrifðu niður með þínum orðum hvað eftirfarandi orðtök og orða-sambönd þýða:
  - að verða á í messunni
  - að draga dilk á eftir sér
  - að skera úr um
  - að varpa hlutkesti
7. Útskýrðu með orðum eða með myndbandi hvernig leikurinn steinn, skæri, blað fer fram. Hægt er að finna leikreglurnar á netinu ef þú þekkir þær ekki.



BLAÐ



SKÆRI



FLOTT SKOT!



STEINN

## AÐSTOÐARDÓMARI KÝLDI LEIKMANN



Í nóvember 2015 fór fram leikur í íshökkí í kanadísku borginni Ontario. Á einum tímapunkti sauð upp úr á meðal leikmanna. Dómarar leiksins reyndu að skilja að leikmenn, sem komnir voru í hópslagsmál.

Á upptöku má sjá hvernig aðstoðardómari kýldi leikmann þegar gengið hafði ágætlega að skakka leikinn. Þá hljóp þjálfari leikmannsins inn á ísinn og hrinti aðstoðardómaranum þannig að hann féll á svellið. Í kjölfarið var þjálfari liðsins rekinn frá liðinu.

Aðstoðardómari, sem hafði dæmt í 42 ár án þess að nokkurt atvik sambærilegt þessu hefði komið upp, sagði myndbandið blekkjandi. Hann fullyrti að leikmaðurinn hefði viljandi hrækt blóði framan í sig. Þá hefði hann gripið í öxl leikmannsins í þeim til-



gangi að ýta honum frá sér. Við það hefði leikmaðurinn kastað sér aftur líkt og hann hefði fengið á sig högg. Dómarinn var settur í tímabundið bann en ákvað sjálfur að leggja dómaraflautuna á hilluna til frambúðar.

## VERKEFNI



1. Lestu yfir *Aðstoðardómari kýldi leikmann*. Lokaðu bókinni og endursegðu það sem þú manst úr fréttinni.
2. Skoðaðu vel fyrirsögnina
  - a) Af hverju heldur þú að Dómhildur hafi valið þessa fyrirsögn en ekki t.d. *Leikur sem fór úr böndunum?*
  - b) Semdu a.m.k. eina fyrirsögn sem þér finnst passa vel við fréttina.
3. Finnst þér sanngjarnt að dómari hafi verið settur í bann? Eða eru tvær hliðar á þessu máli? Ræðið.



FLAUT



## MARKHEPPINN DÓMARI

Í Dagestan, sem er hérað í Rússlandi, kom dómari Atay Daudov heldur betur við sögu leiks í október 2018. Þá áttust við tvö lið í bikarkeppni, Keyes DD á móti Manas of Dahadaevskiy.

Í lok fyrri hálfleiks dæmdi Atay vítaspyrnu. Hann stillti sér upp til hliðar inni í vítateig. Vítaspytta Manas fór á punktinn en markmaður Keyes náði að verja meistaralega. Leikmönnum Keyes til mikillar gremju fór boltinn frá markmanninum beint í höfuðið á Atay dómara og sveif þaðan í fallegum boga beint inn í markið.

Reglurnar kveða á um að dómarar eru hluti af leiknum og markið var því dæmt gilt. Það er þó ekki hægt að skrifa mark á dómara og því fékk vítaspytta Manes markið skráð á sig.

Leikurinn endaði með 4-4 jafntefli.



## VERKEFNI

1. Hvert var hlutverk Atay Daudov í þessum leik?
2. Hvað gerði Atay Daudov sem þótti óvanalegt í leiknum?
3. Af hverju fékk vítaspytta Manes markið skráð á sig?
4. Hvaða fyrirsögn gæti dregið saman allt innihald fréttarinnar?



MARK!!

FLAUT



# KVIKMYNDARÝNI – CAPTAIN MARVEL

## Kvikmyndagrein:

Spennumynd/vísindaskáldskapur/ævintýramynd

## Leikstjórn:

Ryan Fleck og Anna Boden

## Handrit:

Ryan Fleck, Anna Boden og Geneva Robertson-Dworet

## Tungumál:

Enska

## Sýningartími:

124 mín.

## Kostaði:

\$152.000.000

## Aldur í USA:

PG-13

## Aldur á Íslandi:

Bönnuð innan 12 ára

## Frumkýnd á Íslandi:

8. mars 2019

## Aðalleikarar/aðalpersónur:

Brie Larson - Vers / Carol Danvers

Samuel L. Jackson - Nick Fury

Jude Law - Yon-Rogg

Annette Bening - Dr. Wendy Lawson

## Viðtökur:

IMDB (Internet Movie Database): 7,0/10

Rotten Tomato: 79%

**Sögusvið/sögutími:** Sagan gerist á 10. áratug síðustu aldar.


Sögusviðið eru pláneturnar Jörðin og Hala ásamt víðáttum himingeimsins.



**Sögupráður/atburðarás:** Sagan hefst árið 1995 á plánetunni Hala. Vers er hermaður í Stjörnuher Kree stórveldisins. Yfirmaður hennar er Yon-Rogg sem einnig hefur leiðbeint henni við að ná stjórn á ofurkröftum sínum. Hún verður viðskila við hersveit sína í sendiför og er numin á brott af hópi uppreisnarmanna af Skrull ættbálki. Þeir fara með hana til Jarðarinnar í geimskipi sínu. Vers tekst að flýja og brotlendir í Los Angeles. Þar rekst hún fljótlega á útsendara S.H.I.E.L.D, sérstakrar löggæslustofnunar sem sinnir yfirsíkvitlegum ógnum. Þeir Fury og félagi hans Coulson flækjast inn í atburðarásina þegar Skrull-liðar reyna ítrekað að handsama Vers á ný. Vers kemst að því að hún var eitt sinn orrustuflugmaður í Bandaríkjaher að nafni Carol Danvers. Hún var talin af eftirdularfullt flugslys sex árum áður. Með henni í vélinni var Dr. Wendy Lawson sem hafði meðferðis kraftmikinn orkugjafa, sem hún hafði hannað. Vers kemst að því að hún er mikilvægur hlekkur í blóðugu alheimsstríði. Nú þarf hún að lifa af, læra á ofurkraft sinn og bjarga Jörðinni frá útrýmingu. Captain Marvel verður til.

## UPPHAFIÐ

Captain Marvel og saga hennar kom fyrst fyrir augu almennings í myndasögum frá Marvel útgáfunni. Persónan Marvel var hugaríóstur Stan Lee og Gene Colan. Hún birtist fyrst í 12. tölublaði *Marvel Super-Heroes* í desember 1967.



## VERKEFNI





1. Hvað heitir aðalpersóna myndarinnar? Hver er bakgrunnur hennar? Hvað gerir hana öðruvísi en aðra? Hvað kemur fyrir hana? Hver leikur hlutverk hennar í myndinni? Skrifðu persónulýsingu.
2. Kvikmyndin er bönnuð í Bandaríkjunum.
  - a. Hvað þarftu að vera gömul/gamall til að sjá myndina þar?
  - b. Hvað táknar merkið sem sýnir hnefann?
3. Hvað veistu um söguna?
  - a. Hvar gerist kvikmyndin?
  - b. Hver er ytri tími sögunnar?
  - c. Hverjar eru helstu aukapersónur?
  - d. Hvar á Jörðinni fer atburðarásin fram?
4. Hvers konar kvikmynd er þetta?
5. Hvernig tengjast þessir aðilar myndinni? Taktu fram allt sem þú finnur í textanum til að hafa svarið nákvæmt.
  - a. Ryan Fleck
  - b. Geneva Robertson-Dworet
  - c. Jude Law
  - d. Fury
  - e. Stan Lee
6. Kvikmyndaunnendur um allan heim hafa sagt skoðun sína á kvikmyndinni og gefið henni einkunn.
  - a. Hvað finnst þeim?
  - b. Hvað segir það þér um myndina?
  - c. Hefur þú séð myndina? Ef svo er, hvernig fannst þér? Gefðu einkunn. Ef ekki, langar þig að sjá myndina eftir að hafa lesið um hana? Af hverju/af hverju ekki?





EITT STÍLBRAGÐ Í SKAPANDI SKRIFUM  
ER AÐ NÝTA **ENDURTEKningar**.  
ORÐ EÐA ORÐASAMBÖND ERU ENDURTEKIN  
TIL AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á EITTHVAÐ  
EÐA TIL AÐ MAGNA UPP ÁKVEÐNA SPENNU  
EÐA TILFINNINGAR.



ANNAÐ STÍLBRAGÐ ER  
AÐ NÝTA **VIÐLÍKINGAR**.  
TVEIMUR HUGTÖKUM ER LÍKT SAMAN  
MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA SAMANBURÐARORÐ  
EINS OG TIL DÆMIS **LÍKT OG**  
**EINS OG SEM**.

## HJARTSLÁTTUR HAFSINS

Hún kom í bekkinn bara viku fyrir vorferðina. Nýfermd að vestan, nýflutt hingað norður, nýgengin á land úr hafi þeirra sem ekki eru mennskir. Hún var með blóðrautt hár sem féll í fossi niður eftir bakinu. Eldhærð eins og gyðja úr norrænni goðafræði. Augun græn eins og engið hans afa eftir annan slátt sumars.

Það var þriðjudagur og venjulega gerðist ekkert merkilegt á þriðjudögum. Það var lengsti dagurinn á stundaskránni sem litaði óneitanlega þær væntingar sem maður gerði, eða gerði ekki, til þriðjudaga. En þessi þriðjudagur komst í sögubækurnar því hún gekk inn í stofuna.

Fríða skólastjóri bauð okkur góðan dag, sagði að Andrea Sól væri nýr nemandi í 8. bekk og bað okkur um að taka vel á móti henni. Hún snerist á hæl og skildi Andreu Sól eina eftir við hurðina. Andrea Sól horfði ekki niður, eins og ég hefði örugglega gert. Heldur horfði hún beint fram og frá henni lagði gyllta birtu sjálfsöryggis.



Örvar kennari sagði henni að fá sér sæti og svo man ég ekkert meira sem gerðist í kennslustundinni því öll mín athygli fór í að fylgjast með nýju stelpunni. Hvernig hún hlustaði á það sem Örvar sagði. Hvernig augun kipruðust þegar hún brosti. Hvernig hún renndi fingrunum í gegnum hárið, ekki eins og af óöryggi heldur af glæsibrag eins og kvikmyndaleikona á rauðum dregli myndi gera.

Í frímínútum þyrptust vinsælu stelpurnar að henni. Ég heyrði ekki hvað þær spurðu hana um eða hverju hún svaraði. Þær voru eins og flugnager, sveimandi í kringum hana, drottningu blýflugnanna. Ég reyndi að virka töff og áhugalaus. Sá að tvisvar sinnum horfði Andrea Sól yfir flugnagerið til mín. Ég brosti til hennar í seinna skiptið en leit fljótt undan til að hún sæi ekki roðann sem breiddist út í kinnar mínar eins og logandi bergkvika sem breiðir sig yfir úfið landslag.

Á miðvikudegi brosti hún til mín, nálgadist mig og hjartað pumpaði milljón slögum á mínútu þegar tær rödd hennar sagði: „Hæ.“ Mér vafðist tunga um tönn. Hún horfði á mig og grænu augu hennar boruðu sig inn í sál mína. Ég náði að tosa upp úr raddböndunum veiklulegt „hæ“ og hún hló. Dillandi hláturinn minnti á fyrsta almennilega sumardag hvers árs. Þegar fólk klæðist hlýrabolum og biðröðin í ísbúðina nær út að skóbúðinni. Ætti ég að spyrja hana hvort hún ætli í félagsmiðstöðina í kvöld? Eða hvað hún ætli sér að gera í sumar? Ég opnaði munninn en þá heyrðist bílflaut og okkar fyrsta samtal hófst og endaði með hæ-i frá báðum. Ég horfði á hana hlaupa, nei svífa eins og engil, í átt að bílnum og hverfa inn í hann. Hún veifaði þegar bíllinn fór af stað og bar hana í burtu frá mér.

Fjórum dögum eftir að nýtt tímatal hófst í mínum huga, eftir að hún sýndi mér áhuga og tók af skarið við að kynnast mér, hitti ég hana fyrir utan sundlaugina. Hún var að koma upp úr en ég hafði ætlað mér ofan í.

„Getur þú kannski sýnt mér bæinn á eftir, þegar þú ert ...“ byrjaði hún að segja en ég greip fram í og sagðist ekkert þurfa að fara í sund. Ég gæti vel sýnt henni bæinn strax. Hún brosti, tók undir handlegg minn og hjarta mitt tók heljarstökk af kæti.

Með minn hægri handlegg og hennar vinstri krækta saman um olnbogana gengum við um bæinn. Ólíkt miðvikudeginum runnu orðin út úr mér. Ég var með fullkomna munnræpu.

„Í þessu húsi búa Hrönn í 8. bekk og bróðir hennar Stjáni, sem er í 5. bekk. Örvar umsjónarkennarinn okkar býr þarna og í þessu húsi er skóverkstæði en Kata, sem vinnur þar, gerir líka við ýmislegt annað, eins og töskur og belti og...“ svona hélt orðaflaumurinn áfram þar til við stóðum í fjörunni.

„Ég elska hafið,“ hvíslaði Andrea Sól og dró djúpt inn andann. Það var aðeins of mikil þarafýla í dag til að ég nyti lyktarinnar frá hafinu. En ég kinkaði kolli.

Andrea Sól teygði sig í hönd mína og við stóðum í flæðarmálinu, hönd í hönd og ég lokaði augunum. Ég heyrði öldugjálfrið við fætur okkar, það var eins og að hlusta á hjartslátt hafsins. Hægur, þungur hjartsláttur. Róandi.

Hún hallaði höfði sínu upp að öxl minni og ég hallaði mínu höfði ofan á hennar. Þaralyktin vék fyrir sætum berjailmi úr sjampói Andreu Sólar. Við sögðum ekkert en ég fann að við önduðum í takt. Og taktur okkar var sá hinn sami og hjartsláttur hafsins.

„Strax og skólanum lýkur fer ég til ömmu fyrir vestan og verð hjá henni út júlí.“

Ég sagði ekkert, orðin héngu bara í loftinu og ég einbeitti mér að hjartslætti hafsins. Vonaði að minn hjartsláttur myndi ekki þagna. Í síðustu viku vissi ég ekki að Andrea Sól væri til en núna fannst mér eins og heimurinn væri að hrifsa af mér eitthvað sem væri mér lífsnauðsynlegt.

Aldrei áður hafði mér liðið eins og mér leið þegar ég sá Andreu Sól fyrst. Tilfinningar, sem voru mér svo framandi, höfðu tekið bólfestu í líkama mínum.

Hún sneri höfði sínu að mér og mér að óvörum teygði hún höfuð sitt upp til mín og kyssti mig mjúklega á varirnar. Ég þorði ekki að hreyfa mig, viss um að þá myndi ég lyfta álögunum, skemma fyrsta kossinn. Ekki bara fyrsta kossinn okkar, heldur allra fyrsta kossinn minn. Eftir þúsund andartök, þar sem tíminn stóð í stað og ekkert skipti máli, dró hún höfuð sitt örlítið til baka. Dró varir sínar frá mínum. Hún brosti og grænu augu hennar glitruðu eins og gimsteinar.

Næstu vikur voru líkt og í ævintýri. Við vorum eins og samlokur og aldrei sást ég án þess að Andrea Sól væri nálægt. Daginn sem hún kvaddi til að fara til ömmu sinnar grét ég úr mér augun. Hún grét líka en kyssti mig þess fullviss að fjarvera sín yrði bara í tæpa tvo mánuði. Svo kæmi hún aftur.

Hún kom aldrei aftur í þorpið. Aldrei aftur stóðum við saman í flæðarmálinu og hlustuðum á hafið. Aldrei aftur.



## VERKEFNI

1. Finndu dæmi um endurtekningu í textanum.
2. Finndu a.m.k. þrjár viðlíkingar í textanum.
3. Af hverju heldur þú að sögumaður hafi notað gyllta litinn til að lýsa sjálfþryggi Andreu Sólar?
4. Hvaða atburður varð til þess að sögumaður segir að nýtt tímatal hafi hafist?
5. Af hverju varð fyrsta samtalið á milli sögumanns og Andreu Sólar ekki meira en bara hæ?
6. Hvernig leið sögumanni þegar Andrea Sól tók undir handlegg hans?
7. Finndu samheiti við orðið *orðaflaumur*.
8. Finndu orð í smásögunni sem þýðir það sama og hljóð sem smáar öldur gefa frá sér.
9. Hvernig leið sögumanni þegar Andrea Sól sagðist fara vestur þegar sumarfríð byrjaði?
10. Hvað þýðir að vera eins og samlokur?
11. Hvort telur þú sögumanninn vera stelpu eða strák?  
Rökstyddu svar þitt.
12. Ritun. Smásagan er ákaflega ljóðræn og mikið af viðlíkingum í textanum. Notaðu orð, orðasambönd og/eða málsgreinar úr smásögunni til að semja ljóð.



## HVAÐ ER ROKKTÓNLIST?



Það er kúnst að hlusta á aðra tala og meðtaka það sem sagt er. Virka hlustun er þó hægt að æfa og í því felst þetta verkefni.

Á vefnum [www.krakkaruv.is](http://www.krakkaruv.is) er hægt að finna ýmsa þætti sem eru í senn fræðandi og skemmtilegir.

Gott er að lesa fyrst yfir spurningarnar áður en þú hlustar á þáttinn. Þá er auðveldara að safna saman upplýsingunum, sem þú þarft til að leysa verkefnið, á meðan þú hlustar. Þátturinn sem þú hlustar á fjallar um rokktonlist.



VERKEFNI



1. Hvað heitir umsjónarkona þáttarins?
2. Hver er sérfræðingur þáttarins?
3. Hvaða merkingu hefur rokkið fyrir sérfræðing þáttarins?
4. Hvaða hljóðfæri er hægt að tengja við upphaf rokksins?
5. Í hvaða landi urðu blúsinn og rokkið til?
6. Hvaða ár hófst rokktónlistarstefnan?
7. Hvernig kynntust Íslendingar rokkinu?
8. Hvað gat fólk í Keflavík og nágrenni gert sem aðrir búsettir annars staðar gátu ekki?
9. Hverjir voru Bítlarnir?
10. Bítlarnir höfðu áhrif á annað en tónlist. Hvað var það?
11. Hvað finnst sérfræðingnum skemmtilegast við það að spila rokk?
12. Með hvaða hljómsveitum hefur sérfræðingurinn spilað lengst?
13. Í hvaða keppni tók hljómsveitin þátt?
14. Hvaða hljóðfæri eru notuð í rokkhljómsveitum?
15. Hvaða hljóð tengja flestir við rokkið?
16. Hvaða sex tegundir af rokki eru taldar upp með tóndæmum í þættinum?
17. Hvað greinir rokkið frá popptónlist?
18. Hvað er riff?
19. Hvað gera gítarpetalar?
20. Hvað gera rótarar?
21. Hvaða hljómsveit telur viðmælandinn vera fyrstu íslensku rokkhljómsveitina?
22. Hvaða þrjú ráð gefur viðmælandinn í lok þáttar.



ROCK



# UPPFINNINGAR: RJÓMAÍSINN



## Mig langar í ís!

Flest þekkjum við þá tilfinningu að langa rosalega mikið í ís. Vanilluís, súkkulaðiís eða jarðarberjaís, með eða án dýfu, í boxi eða brauðformi. Og hvað gerum við? Jú, við opnum frystinn, skreppum í matvörubúð eða ísbúð eða setjumst inn á kaffihús eða veitingastað. Ís er fáanlegur á flestum stöðum. En það hefur ekki alltaf verið svo.

Ekki er vitað nákvæmlega hver fann upp ísinn né hvenær. Þó er að finna gamlar sögusagnir um ísneyslu langt aftur í aldir. Alexander mikli gæddi sér víst iðulega á snjó sem bragðbættur var með hunangi. Rómverski keisarinn Neró skipaði þjónum sínum reglulega að ganga til fjalla í þeim tilgangi einum að sækja snjó sem síðan var bragðbættur með margs konar ávöxtum.

Sagan segir að landkönnuðurinn Marco Polo hafi haft í fórum sínum uppskrift af krapís þegar hann sneri heim til Ítalíu úr ferðalagi sínu um Asíu á 13. öld. Sú uppskrift tók breytingum í tímans rás og barst víða um Evrópu. Rjómaísinn kom svo fram á sjónarsviðið í Englandi og Frakklandi á 16. öld. Hann náði miklum vinsældum sem eftirréttur en þó eingöngu hjá kóngum og öðru aðalsfólki.

Ísgerðin tók langan tíma. Stórum málmpotti með rjóma og öðrum innihaldsefnum var komið fyrir í íláti fullu af klaka. Því næst var hrært í pottinum með sleif í óralangan tíma þar til ísblandan þykknaði. Verkið var erfitt og tímafrekt og á þessum tíma var ekki auðvelt að verða sér úti um klaka eða ísklumpa.

Það var svo árið 1660 að fyrsta kaffihús Parísarborgar, Café Procope, bauð upp á rjómaís á matseðli sínum. Almennigur smakkaði þar ís í fyrsta skipti en það liðu þó næstum 200 ár þar til hann náði vinsældum.





Þá leit fyrsta ísvélin dagsins ljós, nánar tiltekið árið 1843. Hin bandaríska Nancy Johnson hannaði vél sem allir gátu notað. Vélin var handhæg, skál úr málmi var komið fyrir í íláti sem var litlu stærra. Hún bjó yfir einfaldri kælitækni er samanstóð af klaka og salti. Mun færri klaka þurfti til verksins en áður, þar sem svæðið milli skálar og íláts var ekki mikið. Lok var á vélinni sem flýtti fyrir kælingu rjómans og sérstök sveif, sem náði niður á botn innri skálarinnar, auðveldaði ísgerðarfólki að hræra í blöndunni. Ísgerðin tók nú mun styttri tíma og fólk um allan heim gat útbúið sinn eigin ís á einfaldan hátt. Á næstu áratugum þróaðist ísgerð hratt, sérstaklega eftir að frystitækni kom til sögunnar. Hönnun frú Johnson hefur staðist tímans tönn og er undirstaða í flestum ísvélum nútímans. Við eigum henni mikið að þakka.

## VERKEFNI



1. Langar þig í ís núna?
2. Hvernig var fyrsti ísinn sem sögur fara af?
3. Hvað varð til þess að Evrópubúar kynntust ís?
4. Af hverju heldur þú að rjómáís hafi ekki verið til á öllum heimilum á 17. og 18. öld?
5. Hvað eigum við Nancy Johnson að þakka?
6. Hvað varð til þess að ísgerð þróaðist hraðar en áður?
7. Í textanum er gróf lýsing á hönnun ísvélarinnar. Hvernig heldur þú að vélin hafi litið út? Skissaðu á blað það sem þú sérð fyrir þér. Nýttu textann og ímyndunaraflað.




VILTU DÝFU?



IIIIIISSS!

# GAGGÓ VEST



Bjallan glymur, gróft er hennar mál,  
Gaggó Vest hefur enga tildursál.  
Eins og sést, eins og sést, eins og sést,  
þá er ég alinn upp í Gaggó Vest.

Kennarahræin eru kuldaleg í framan,  
kanskí þykir þeim hreint ekki gaman  
að vakna í bítið í vetrartíð  
til að vitka draugfúlan æskulýð.

Bekkjarstofur fyllast af bleikum fésum,  
Bínum og Jónum og Siggum og Drésum.  
Handalögmál og hefðbundin læti,  
hunksist þið til að fá ykkur sæti.

Segðu mér, hvaða ár hengdu þeir Krist?  
Í hvaða bandi spilar Franz þessi Liszt?  
Einn týndi bókinni, annar gleymdi að lesa.  
Af hverju kallar hann okkur lúsablesa?

Eins og sést, eins og sést, eins og sést  
þá er ég alinn upp í Gaggó Vest.  
Gaggó Vest, Gaggó Vest  
gaf mér allt sem reyndist svo best.

Nú er kennarafundur um komandi fár.  
Þeir kalla faraldurinn bítlahár.  
Frá Lifrarpollí ljót berast org,  
lýðurinn dansar um stræti og torg.

Var ekki nóg að fá tjútt og tvíst?  
Tæpast flokkast þessi öskur sem list.  
Drottinn minn, það er dansæfing í kvöld.  
Djöfullinn sjálfur mun taka hér völd.

Allt í einu er Andrés litli orðinn stór,  
það gera hinir alræmdu bítlaskór.  
Hér verður rokkað og rólað um allt.  
Það rennur vatn undir hörund vort, kalt.

Komdu upp að töflunni hvað sem þú heitir.  
Þú minnir á púka – og öfgasveitir.  
Af hverju er haus á herðum þínum?  
Taktu nú vel eftir orðum mínum.  
Þú verður aldrei annað en rukkari,  
róni eða þaðan af verra.

Rugguhestur og uxakerra.

Ó kennari minn, ég kveð þig nú  
með kurt og pí og segi I love you.  
Je t'aime, ég elska þig.  
Er nokkur von til þess þú elskir mig?

*Ólafur Haukur Símonarson*



## VERKEFNI

THE  
BEATLES

1. Textinn segir sannarlega sögu. Á hvaða tíma heldur þú að sagan gerist og hvað hjálpar þér í textanum til að finna út tímabilið? Ræðið saman og leitið á netinu eftir vísbendingum.
2. Hvaða stofnun var Gaggó-Vest?
3. Kennarar eru frekar óhamingjusamar verur í þessum texta. Finndu a.m.k. þrjú atriði sem sýna að þeir hafi e.t.v. ekki gaman af vinnunni sinni eða unglíngum yfirhöfuð.
4. Finndu a.m.k. þrjú atriði sem lýsa nemendahópnum og gætu útskýrt af hverju kennararnir eru e.t.v. ekki kátari í vinnunni.
5. Sagnorðið *að vitka* kemur fyrir í öðru erindi. Hvað þýðir það?
6. Fyrstu tvær línurnar í fjórða erindi eru brandarar. Af hverju eru þessar spurningar broslegar?
7. *Frá Lifrarpollu ljót berast org* segir í textanum. Hvaða breska borg hefur fengið íslensku beinþýðinguna Lifrarpollur í vísunni?
8. Af hverju hækkaði Andrés bara sí svona í 8. erindi?
9. Í lokaerindinu kveður nemandinn kennarann. Lýstu tilfinningunni eða stemmingunni í erindinu eins og þú skilur hana.
10. Skoðaðu ljóðið út frá rími og ljóðstöfum:

- a. Hvernig rím notar skáldið?
- b. Finndu ljóðstafina í erindi númer tvö.

## 11. Ritunarverkefni:

Veldu annaðhvort verkefni a eða b:

- a. Í einræðu kennarans, í 9. erindi, gerir kennarinn heldur betur lítið úr nemandanum. Settu þig í spor nemandans og skrifaðu formlega kvörtun til skólastjórans þar sem þú lýsir framkomu kennarans og hvernig þér leið.
- b. Þú ert kennarinn, nýkominn heim úr vinnunni og þar bíður makinn þinn. Segðu makanum hvernig þér líður eftir daginn í vinnunni og hvernig nemendur haga sér.

VERTU  
VITUR!

VETUR



GAGGÓ VEST



LÆRA

ÁÐUR EN  
ÞÚ LEST

1. Skoðaðu fyrirsögnina, undirfyrirsagnir og myndirnar. Um hvað heldur þú að textinn muni fjalla?
2. Hvað veistu um efnið nú þegar?
3. Hvað væri gott að vita meira um efnið?



MEÐAN  
ÞÚ LEST

1. Stoppaðu við hverja efnisgrein og hugsaðu um hvort þú hafir skilið það sem þú varst að lesa. Þú getur t.d. endursagt innihaldið með eigin orðum í huganum áður en þú lest næstu efnisgrein.
2. Flettu upp orðum sem þú skilur ekki.



## ÞAÐ SEM ÁÐUR VAR EN ER EKKI LENGUR

Mörg dýr eru í útrýmingarhættu.



Nashyrningurinn Sudan komst í heimsfréttirnar árið 2018 þegar hann drapst. Hann var síðasta karldýrið af annarri af tveimur undirtegundum hvíta nashyrningsins. Eftir standa tvö kvendýr af þessari tegund og höfðu vísindamenn vonast til þess að Sudan og annað kvendýrið myndu eignast afkvæmi. Það gekk ekki eftir.

Aðeins framtíðin mun leiða í ljós hvort vísindamönnum takist með erfðaeftum að endurskapa tegundina. Ef ekki þá deyr þessi tegund nashyrninga út þegar bæði kvendýrin drepast. Forfaðir tegundarinnar var uppi fyrir 30 milljónum árum, síðan hefur tegundin þróast og þrífist á jörðinni.

Tilvist tegundarinnar hefur verið ógnað vegna veiðþjófa og ágangs mannsins á landsvæði nashyrninganna. Fleiri tegundir eru í bráðri útrýmingarhættu. Dæmi um dýrategundir sem fólki ber að vernda gegn útrýmingu eru risapöndur, fjallagórrillur, indverska tígrisdýrið, ljón, gíraffar, fílar og flóðhestar.

## FÍLAFUGL



Hvíti nashyrningurinn er ekki fyrsta dýrategundin sem hverfur af yfirborði jarðar. Um 70% lífríkis þurrkaðist út með dauða risaeðlanna. Eitt þeirra dýra sem lifði af hamfarirnar þróaðist í risavaxinn fugl sem kallaðist fíla-fugl. Fílafugl er talinn vera stærsti fugl sem hefur gengið um jörðina. Hann var líkur strúti í útliti en töluvert stærri. Bein sem hafa fundist sýna að hann var rúmlega þriggja metra hár og um 500 kg að þyngd.

Í bókinni *Þúsund og ein nótt* var skrifað um fugl sem var svo stór að hann gat borið fíl í klóm sínum. Kannski var hér verið að ýkja um getu fílafugls? Enda var fuglinn til þegar sögurnar, sem mynda safnið *Þúsund og ein nótt*, voru samdar.

Fílafuglinn lifði á eyjunni Madagaskar í Indlandshafi. Á eyjunni hafa fundist egg fuglsins og í dag eru til um 40 heilleg egg á söfnum og í einka-eigu, víðs vegar um heiminn. Egg fuglsins eru þau stærstu sem nokkurt dýr hefur orpið. Þau eru meira að segja stærri en risaeðluegg. Fílafuglinn dó út fyrir um þúsund árum. Sumir telja að hann hafi dáðið út vegna þess að mannfólkið hafi stolið eggjum fuglsins, enda dugði eitt egg sem mál-tíð fyrir heila fjölskyldu.

## RISAVAXNAR DREKAFLUGUR

Stærsta skordýr sem hefur lifað á jörðinni er risavaxin drekafluga. Hún sveimaði um loftin fyrir um 300 milljónum árum, eða á svokölluðu kola-tímabili. Vænghaf hennar var um 65–70 cm.

*Steingervingar eru steinrunnar leifar dýra og plantna, varðveittar í jarðlögum.*

Árið 1885 fann franskur steingervingafræðingur steingerving af flugunni og skýrði hana Meganeura, sem þýðir stórar taugar. Nafnið vísar í taugakerfið sem sést á vængjum skordýrsins.

Vísindamenn hafa velt fyrir sér hvernig flugurnar náðu þessari risavöxnu stærð. Þeir telja að ástæðan sé hversu súrefnisríkt loftslagið var og eins að á þessum tíma voru fá rándýr á jörðinni og á flugi. Landslagið á jörðinni var allt öðruvísi en við þekkjum það í dag og stór skriðdýr og spendýr voru ekki til.

Lífríkið á jörðinni hélt áfram að þróast og risaeðlur urðu til. Talið er að flugeðlur hafi étið risavöxnu drekaflugurnar og þær því dáið út. Eins er talið að loftslagið hafi breyst og skilyrðin fyrir vöxt risaskordýra versnað.

## EFTIRLESTUR

1. Hvað veistu um nashyrninginn Sudan?
2. Hvers vegna er ein undirtegund hvíta nashyrningsins við það að deyja út?
3. Lykilorð skipta miklu máli þegar skilja á texta, þau hjálpa okkur að muna aðalatriðin. Finndu a.m.k. þrjú lykilorð í textanum um fílafuglinn. Skrifaðu þau niður og útskýrðu af hverju þú valdir þessi orð.

PSSST ... HÉR VELUR ÞÚ ORÐ EINS OG T.D. MADAGASKAR OG SEGIST HAFA VALIÐ ÞAÐ TIL AÐ MUNA AÐ FÍLAFUGLINN BJÓ Á ÞEIRRI EYJU.



4. Hvernig heldur þú að það hafi hjálpað risavöxnu drekaflugunum að það voru fá rándýr á svæðinu?

## 5. Mældu!



- a. Finndu í textanum hvað fílafuglinn var hár og fáðu bekkjarféлага til að aðstoða þig. Biddu þá um að leggjast á gólfið, hlið við hlið. Hvað þarftu marga bekkjarféлага til að ná sömu lengd og fílafuglinn var? En ef þeir leggjast endilangir, hvað þarftu þá marga bekkjarféлага til að aðstoða þig við að ná hæðinni?
- b. Finndu í textanum hvað vænghaf risavöxnu drekaflugunnar var langt. Hvað þarft þú mörg A4 blöð til að ná sömu lengd?



6. Ef þú mættir velja tvær dýrategundir til að vernda frá útrýmingu, hvaða tvær tegundir myndir þú velja? Af hverju þessar tegundir? Aukasprell: Safnaðu saman svörum bekkjarféлага þinna og útbúðu línurit með niðurstöðunum.
7. Gerðu einfalt hugarkort í vinnubók eða tölvu af dýrum í útrýmingarhættu, þar sem eftirfarandi spurningum er svarað:



- Hvað þýðir orðið útrýmingarhætta?
- Hvað heldur þú að við getum gert til að vernda þau dýr sem eru í útrýmingarhættu?
- Finnst þér skipta máli hvort dýr deyi út? Af hverju/Af hverju ekki?



Ræðið niðurstöður í bekknum.



VERNDUM!





## ORÐAFORÐI

Orðaforðinn þinn mælist af þeim fjölda orða sem þú þekkir og getur notað í töluðu máli. Hér koma nokkur orð, ný og gömul, sem þú getur safnað í þinn orðaforðasarp.

**Sarpur:** Orðið sarpur nær yfir fremsta hluta meltingarfæra fugla og skordýra, sarpur er einhvers konar poki úr vélindanu. Að safna í sarpinn og að tína í sarpinn vísar til dæmis í að fuglar safna matarforða í þennan poka til að neyta síðar. Eins er talað um að fólk geti safnað þekkingu og reynslu í sarpinn til að nýta þegar á þarf að halda. Til dæmis safnið þið alls konar orðum og fróðleik úr þessari námsbók í sarpinn og nýtið ykkur síðar til að koma hugsunum ykkar í orð eða til að skilja betur hvað þið heyrði eða lesið.

**Kaldhæðni:** Oft er talað um að íslenskur húmor sé kaldhæðinn. Kaldhæðni felur í sér að það sem sagt er getur haft andstæða merkingu við það sem meint er. Dæmi: Þú situr inni í herberginu þínu og það er allt í drasli. Pabbi þinn rekur inn höfuðið og beitir kaldhæðni þegar hann segir: „Nei sko! Það ætti að gefa þér bikar fyrir framúrskarandi reglu-semi og þrifnað í herberginu þínu.“

**Plokka:** Sagnorðið að plokka hefur verið til í íslensku til fjölda ára í merkingunni að reyta. En árið 2018 kom fram ný merking fyrir orðið. Nýja merkingin felur í sér að tína upp rusl á meðan fólk gengur eða skokkar. Merkingin er fengin frá sænska orðinu að plogga (myndað af orðunum plocka sem þýðir að tína upp og jogga sem þýðir að skokka). Sá sem plokkar er plokkari, sem hefur einnig aðrar merkingar yfir íslenskan fiskrétt og áhald til að plokka t.d. hár.

MARGRÆÐ ORÐ Hafa fleiri en eina merkingu. Til dæmis getur orðið verja verið nafnorð og þýtt vörn (smokkur er stundum kallaður verja). Verja getur líka verið sagnorð og þýtt að halda uppi vörn (t.d. að verja mark) eða að berjast fyrir einhverju (t.d. að verja heiður einhvers).



## VERKEFNI



1. Skrifaðu málsgrein þar sem orðatiltækið „að safna í sarpinn“ er notað á réttan hátt.
2. Hvað er annað orð yfir húmor?
3. Skrifaðu lýsingu á kaldhæðni með þínum eigin orðum og taktu dæmi um hana.
4. Kaldhæðni er samsett úr tveimur orðum. Hver eru þau? Útskýrðu hvort um sig.
5. Hvaða þrjár merkingar felast í orðinu plokkari?
6. Hvað þýðir að orð séu margræð?
7. Skoðaðu sagnorðin að særa og að mæla sem bæði eru margræð. Finndu a.m.k. tvær merkingar þessara orða.



VERJA





## ÓMÓTSTÆÐILEG MÁLVERK

**Listamaður:** Leonardo da Vinci

**Þjóðerni:** Ítali

**Ár:** Líklega unnið á árunum 1503–1506

**Efni:** Olía á við (asparpanell)

**Stærð:** 77 cm x 53 cm

**Staðsetning:** Louvre listasafnið í París, Frakklandi

**Nokkrar staðreyndir:** Leonardo málaði *Monu Lisu* í Flórens á Ítalíu. Verkið varð eign franska konungsveldisins eftir lát listamannsins, árið 1519, en ekki er vitað hvernig það vildi til. Eftir frönsku byltinguna var það flutt í Louvre safnið en fékk ekki að hanga þar í friði. Til að mynda fékk herforinginn mikli, Napóleon Bonaparté, verkið að láni í nokkur ár til að hafa í svefnherbergi sínu. Þegar Frakkar tóku þátt í stríðsrekstri á 19. og 20. öld var *Mona Lisa* reglulega flutt á milli staða til að tryggja öryggi þessa verðmæta málverks. Verkið skilaði sér þó alltaf aftur í listasafnið og hefur fengið að vera þar í friði síðustu áratugi.



MONA LISA



### MÁLVERKINU STOLIÐ 1911

Þann 21. ágúst var *Monu Lisu* stolið af Louvre listasafninu. Stuldurinn uppgötvaðist þó ekki fyrr en daginn eftir. Safninu var þegar lokað og rannsókn lögreglu hófst. Franskt skáld, Guillaume Apollinaire var fangelsaður, grunaður um verknaðinn. Hann skellti skuldinni á vin sinn, listmálarann Pablo Picasso sem var yfirheyrður í þau. Þeir voru báðir sýknaðir. Það var ekki fyrr en að tveimur árum liðnum að þjófurinn gaf sig fram. Hann var starfsmaður listasafnsins, af ítölskum ættum og taldi að meistaraverk Leonardos ætti með réttu að vera á ítölsku listasafni. Ránið gekk nokkuð auðveldlega fyrir sig, þjófurinn hafði gengið inn í sýningarsalinn á opnunartíma, falið sig í kútaskáp þar til safninu var lokað. Þá tók hann málverkið niður af veggnum, vafði því inn í frakkann sinn og gekk út um starfsmannainnganginn. Málið taldist upplýst og verkið *Mona Lisa* komst aftur á sinn stað, óskaddað.



## TÓNLEIKARNIR (THE CONCERT)

**Listamaður:** Johannes Vermeer

**Þjóðerni:** Hollendingur

**Ár:** Líklega frá árinu 1664.

**Efni:** Olía á striga

**Stærð:** 72,5 cm x 64,7 cm

**Staðsetning:** Óþekkt

**Nokkrar staðreyndir:** Isabella Steward Gardner keypti verkið á uppboði í París árið 1892 og flutti með sér til Boston í Bandaríkjunum. Þar var málverkið til sýnis í listasafni Isabellu sem var nefnt eftir henni.



## MÁLVERKINU STOLIÐ 1990

Kvöld eitt í mars laumuðust nokkrir menn inn í Gardner safnið í Boston dulbúnir sem lögreglumenn. Þeir höfðu á brott með sér þrettán verðmæt listaverk, þar á meðal *Tónleikana* hans Vermeers. Allt fram á þennan dag veit enginn hvað varð af verkinu. Það er talið vera verðmætasta listaverk í heimi sem enginn veit hvar er niðurkomið og er verðmetið á rúma 24 milljarða.

## ÓPIÐ

**Listamaður:** Edvard Munch

**Þjóðerni:** Norðmaður


**Ár:** 1893–1910

**Efni:** Olía, vatnsmálning og pastellitir á pappa

**Stærð:** 91 cm x 73,5 cm

**Staðsetning:** Í norska ríkislistasafninu og á Munch safninu í Osló.

**Nokkrar staðreyndir:** Verkið er til í fjórum útgáfum sem listamaðurinn gerði á árunum 1893–1910 ýmist með olíu- eða pastellitum. Eitt verkanna er í einkaeigu, tvö eru geymd í Munch safninu og eitt í ríkislistasafninu.



## MÁLVERKINU STOLIÐ

**1994** Tveir menn brutust inn í ríkislistasafnið og stálu *Ópinu* (málað árið 1893). Þeir skildu eftir miða þar sem þeir þökkðu kærlega fyrir lélega öryggisgæslu. Safninu barst lausnargjaldskrafa upp á eina milljón dollara en stjórn þess ákvað að verða ekki við henni. Árið 1994 tókst að hafa uppi á málverkinu í flókinni aðgerð norsku og bresku lögreglunnar. Það er nú geymt á ríkislistasafninu eins og áður.

**2004** Grímuklæddir menn vopnaðir byssum ruddust inn í Munch safnið í Osló um hábjartan dag og stálu *Ópinu* (málað árið 1910) og verkinu *Madonna*, eftir sama listamann. Þjófarnir komust undan. Rúmu hálfu ári seinna handtók norska lögreglan nokkra menn sem síðar voru dæmdir og fangelsaðir fyrir ránið. Ekki tókst að hafa uppi á málverkunum og talið var að þau hefðu verið eyðilögð. Árið 2006 fundust þó bæði verkin í þokkalegu ásigkomulagi og hanga nú á sínum stað á Munch safninu.



MÓNA!



HJÁLPI!





## VERKEFNI

1. Hvaða málverk er elst?
2. Hver málaði verk sem síðar var sýnt á safni í Bandaríkjunum?
3. Málverkin þrjú eru máluð á mismunandi efnivið. Nefndu alla.
4. Hvaða listamaður notar fleiri en eina tegund af litum við vinnu sína?
5. Hvaða listaverk er ekki til sýnis í heimalandi listamannsins?
6. Hvert listaverkanna er rétt tæpur metri á hæð?
7. Þú vilt sjá verkin með eigin augum. Hvernig ferðu að því?
8. Ópinu var stolið tvisvar sinnum en þjófarnir stálu þó ekki sama málverkinu. Hvernig getur það staðist?
9. Í seinni heimsstyrjöldinni var *Mona Lisa* flutt af Louvre listasafninu og falin á óþekktum stað. Hvers vegna var það gert?
10. Frægur listmálari var eitt sinn grunaður um stuld á frægu málverki.
  - a) Hver var það og hvaða verki var hann sakaður um að hafa stolið?
  - b) Aflaðu þér upplýsinga um listmálarann. Hvaðan var hann? Hvar bjó hann og starfaði? Hvað einkennir myndlistarstíl hans? Nefndu nokkur fræg verk eftir hann.



VERMEER

LEONARDO  
DA VINCI








➡ 2. HLUTI



## ÍSLAND – PORTÚGAL


Leiklýsingar er að finna á fréttaveitum. Þær eru skrifaðar af aðila sem fylgist með íþróttaviðburði og lýsir hann framgangi leiksins. Hægt er að fylgjast með helstu atburðum leiksins í rauntíma, þ.e. á meðan leikurinn fer fram. Skoðum leiklýsingu af vefveitunni [www.mbl.is](http://www.mbl.is)

<b>40</b>		<b>Leik lokið</b> Öruggur sigur 91:67 í síðasta leik Hlyns og Jóns Arnórs.
<b>38</b>		Staðan er 91:60. Hlynur og Jón Arnór fá núna heiðursskiptinguna og þakka áhorfendum fyrir samfylgdina. Hér rísa allir úr sætum og sýna þeim tilhlýðilega virðingu.
<b>37</b>		Staðan er 88:58. Hlynur setur niður þrist. Var ég of fljótur á mér að fullyrða að Ísland færi ekki í 100 stig?
<b>36</b>		Staðan er 83:58 fyrir Ísland. Ekki fer Ísland í 100 stigin en öruggur sigur handan við hornið. Hlynur hefur tekið 12 fráköst í leiknum.
<b>32</b>		Staðan er 76:54. Jón Arnór virkilega flottur í síðasta leiknum. Setur tvo þrista í röð í upphafi síðasta leikhluta og er búinn að setja niður fimm slíka í leiknum og hefur aðeins þurft til þess sex tilraunir. Er orðinn stigahæstur með 17 stig.
<b>31</b>		<b>Fjórði leikhluti hafinn</b> 70:49. Jón Arnór byrjar inn á í síðasta leikhlutanum. Meiðslin eru ekki alvarleg.
<b>30</b>		<b>Þriðja leikhluta lokið</b> Þriðja leikhluta er lokið. Staðan er 70:49 fyrir Ísland. Haukur er stigahæstur með 13 stig, Tryggvi með 12 og Jón Arnór 11. Jón hefur ekki komið aftur inn á eftir að hann meiddist á öxl. En mér sýnist að hann sé tilbúinn að koma aftur inn á.
<b>25</b>		Staðan er 60:40. Jón Arnór lenti í samstuði, féll við og lá eftir. Heyra hefði mátt saumnál detta í höllinni þegar Jón lá eftir og hélt um öxlina. Hann er stuttur af velli en óljóst hvort þetta muni aftra honum frá því að koma inn á aftur. Vonandi var þetta högg en ekki eitthvað annað. Það væri skárri.
<b>24</b>		Staðan er 60:40. Íslendingar eru einbeittir. Þeir ætla ekki að hleypa Portúgal inn í leikinn.
<b>21</b>		Staðan er 55:35 fyrir Ísland. Okkar menn byrja síðari hálfleik á þristi frá Jóni og troðslu frá Herði Axel. Vel gert.

<b>21</b>		<b>Síðari hálfleikur hafinn</b>
		<b>Hálfleikur</b>
<b>20</b>		Staðan að loknum fyrri hálfleik er 50:35. Margt hefur gengið upp hjá íslenska liðinu í fyrri hálfleik enda ekki á hverjum degi sem liðið skorar 50 stig. Menn eru vel stemmdir og greinilega ákveðnir í að Hlynur og Jón fái sigur í sínum síðasta landsleik. Áhorfendur fara langt með að fylla höllina og eru vel með á nótunum.
<b>19</b>		Staðan er 50:32. Dagur Kári Jónsson kemur inn á í sínum fyrsta landsleik. Fyrir áhugafólk um ættfræði er hann sonur Jóns Kr. Gíslasonar þriðja leikjahæsta leikmanns landsliðsins frá upphafi.
<b>18</b>		Staðan er 48:32 fyrir Ísland. Martin hefur verið að skemmta áhorfendum með huggulegum tilþrifum.
<b>15</b>		Staðan er 41:24 fyrir Ísland. Portúgalir taka leikhlé. Jón Arnór var að setja niður þrist. Hefur sett niður tvo slíka.
<b>14</b>		Staðan er 35:24 fyrir Ísland. Allt á áætlun en gleymum því ekki að Portúgalir unnu fyrri leik liðanna. Þeir geta bitið frá sér.
<b>11</b>		<b>Annar leikhluti hafinn</b>
		<b>Fyrsta leikhluta lokið</b>
<b>10</b>		Staðan er 28:17 fyrir Ísland. Allt í fína lagi í fyrsta leikhluta. Íslenska liðið með ágætt forskot og baráttan í lagi. Hlynur og Jón auk þess báðir komnir inn í leikinn sem er bónus. Sjö leikmenn hafa skorað fyrir Ísland.
<b>5</b>		Staðan er 15:8. Haukur Páls er búinn að taka þrjá þrista og hitta þeim öllum. Frábær tíðindi að hann sé heitur. Haukur hefur raunar leikið mjög vel í sterku liði í Frakklandi í vetur.
<b>4</b>		Staðan er 9:5 fyrir Ísland. Hlynur og Jón eru báðir komnir á blað í stigaskorun í sínum síðasta landsleik.
<b>2</b>		Staðan er 7:5 fyrir Ísland. Íslendingar skoruðu úr fyrstu þremur sóknunum.
<b>1</b>		<b>Leikur hafinn</b> Leikurinn er hafinn. 20 mínútum á eftir áætlun.
<b>0</b>		Sautján mínútur síðan að leikurinn átti að hefjast og ekki hefur verið fundin lausn á málinu.
<b>0</b>		Það er víst stigataflan sem lætur ófriðlega. Gæti hafa slegið út eða eitthvað slíkt.
<b>0</b>		Leikurinn fer í gang á eftir áætlun. Eitthvað vesen virðist vera í gangi. Menn stinga saman nefjum á ritaborðinu. Gæti orðið allavega tíu mínútna seinkun.

AFRAM  
ISLAND!

## VERKEFNI




1. Í hvaða íþrótt var leikurinn sem leiklýsingin lýsir?  
Hvaða upplýsingar nýttir þú til að komast að því?
2. Af hverju byrjaði leikurinn 20 mínútum seinna en áætlað var?
3. Á hvaða mínútu er minnsti munur á stöðunni? Og á hvaða mínútu er mesti munur á stöðunni?
4. Hvað eiga leikmennirnir Hlynur og Jón Arnór sameiginlegt í þessum leik? Eitthvað sem þeir hafa aldrei áður átt sameiginlegt?
5. Á 14. mínútu er talað um að Portúgalar geti bitið frá sér.  
Hvað þýðir það?
6. Leiklýsandi beygir orðið Portúgalar sem Portúgalir. Oft í leiklýsingum má finna innsláttarvillur, málfræðivillur eða ranga málnotkun. Finnst þér skipta máli að leiklýsendur skrifi lýtalausa íslensku? Af hverju? Af hverju ekki?
7. Á 21. mínútu byrjar íslenska liðið með þristi og troðslu. Ræðið saman og finnið út hvað þessi tvö orð, þristur og troðsla, þýða.
8. Á 25. mínútu hefur læðst inn innsláttarvilla. Hvaða orð varð fyrir barðinu og hvernig á að skrifa það?
9. Á sömu mínútu í leiklýsingu notar leiklýsandi orðatiltækið „það má heyra saumnál detta“. Hvað segir það okkur um stemminguna í húsinu?
10. Hver er stigahæstur íslenska liðsins í lok þriðja leikhlutar?
11. Hvað gerist á 38. mínútu?



# HVÍTHÁKARLAR

(CARCHARODON CARCHARIAS)



HVÍTHÁKARLINN EÐA HVÍTHÁFUR ER STÆRSTUR SVOKALLAÐRA RÁNHÁKARLA. HANN GETUR ORÐIÐ ALLT AÐ SEX METRAR Á LENGÐ OG VEGIÐ ALLT AÐ TVEIMUR TONNUM.

Þyngd	Lengd	Hraði	Fæða	Fjöldi tanna
680–1100 kg	Kvendýr: 4,5–6 m Karldýr: 3,5–4 m	Allt að 60 km/klst.	Sæljón, selir, litlir hvalir og fleira	300 þríhyrningslaga oddhvassar tennur sem endurnýja sig ef þörf er á

## FERÐALANGUR

Hvíthákarlar eru miklir flakkarar. Nýlegar rannsóknir leiddu í ljós að hvít-hákarlar sem lifa úti fyrir Baja California í Mexíkó flakka til Hawaii þar sem þeir dvelja í um 100 daga áður en þeir snúa aftur austur á bóginn til Baja. Með rafeindamerkjum sem sett voru á nokkur dýr var hægt að skoða atferli þeirra á sundi. Þá kom í ljós að á ferðalaginu austur að meginlandi Norður-Ameríku synda hvítháfar hægt og kafa reglulega niður á allt að 900 metra dýpi. Þegar þeir komast á leiðarenda breytist atferli þeirra, þeir kafa ekki eins mikið og fara í mesta lagi niður á 300 metra dýpi í um 10 mínútur.

## FJÖLGUN

Frjóvgun hvítháfa fer fram innvortis og klekjast eggjin í legi kvendýrsins. Þegar ungvíðið klekfst út er það rúmlega 110 cm á lengd og venjulega eru fimm til tíu hákarlar í hverju klaki. Ungvíðið nærast á ófrjóvguðum eggjum í leginu meðan á meðgöngu stendur en ekki hafa fundist beinar sannanir fyrir því að þau éti hvert annað. Gotið á sér sennilega stað seint á vorin eða snemma á sumrin og er ungvíðið þá á bilinu 130-150 cm á lengd. Strax við got er það fullfært um að veiða sjálft smærri fiska enda komið með tiltölulega öflugar tennur. Móðirin skiptir sér ekkert af afkvæmunum eftir að þau eru komin í heiminn. Ungvíðið vex hratt og er venjulega orðið rúmlega tveir metrar eftir fyrsta árið.

## FÆÐUÖFLUN

Hvíthákarlar virðast beita sjón ekki síður en þefskyni við fæðuöflun og kann það að vera skýringin á því að þeir ráðast á brimbrettafólk en brimbretti eru að mörgu leyti lík sæljónum séð neðan frá. Hvíthákarlar eru afar sérstakir að því leyti að þeir fara með hausinn upp úr vatninu líkt og háhyrningar og horfa í kringum sig. Þetta styður það að þeir beiti sjónskynjun þegar þeir leita að fæðu en hvítháfurinn er eini núlifandi hákarlinn sem sýnir þetta atferli. Önnur skynfæri svo sem rafskynjun og heyrn eru einnig afar vel þróuð hjá hvíthákarlinum.

Hvíthákarlar eru tækifærissinnar í fæðuvali og ráðast á allt sem þeir telja sig ráða við, sem er flest allt sem syndir í sjónum nema stærstu hvalir.

LYKTARSKYN HÁKARLA ER SVO STERKT AÐ ÞEIR GETA FUNDIÐ LYKT AF EINUM BLÓÐDROPA Í SJÓNUM Í ALLT AÐ 5 KM FJARLÆGD.







## RÁNFISKAR

Þrátt fyrir slæmt orðspor ráðast hvíthákarlar sjaldan á menn. Frá því skráning á árásum þeirra á menn hófst árið 1876 er vitað um 232 tilfnilausar árásir, þar af 63 banvænar. Sennilega eru fjölmargar árásir óskráðar, til dæmis var ekki óalgengt að sjóhraktir skipbrotsmenn á styrjaldartímum yrðu fyrir hákarlaárásum og hefur sumum þeirra örugglega lokið með því að enginn var til frásagnar. Flestar þeirra árása sem vitað er um hafa orðið undan Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna eða 88 talsins og við strendur Suður-Afríku er vitað um 46 árásir.

Að mönnum undanskildum eiga hvíthákarlar fáa óvini enda eru þeir efstir í fæðukeðjunni. Þó eru heimildir fyrir því að háhyrningar ráðist á hvíthákarla auk þess sem stærri hákarlar ráðast á unga hvíthákarla á ýmsum stigum í uppvexti þeirra. Ekki er vitað hve stór alheimsstofn hvíthákarla er en vísindamenn hafa metið stofnstærðina á ýmsum afmörkuðum svæðum svo sem við Kaliforníu. Talið er að aðeins um 100 fullorðin dýr haldi sig þar að minnsta kosti hluta úr ári.

Úr svari af Vísindavefnum



BÚSVÆÐI HVÍTHÁFA ER Í NÆSTUM ÖLLUM HEIMSHÖFUM  
ÞAR SEM MEÐALHITINN ER MILLI 12 OG 30 °C  
ÞEIR ERU FLESTIR VIÐ SUÐURSTRÖND ÁSTRALÍU,  
VIÐ STRENDUR SUÐUR-AFRÍKU, KALIFORNÍU,  
VIÐ GUADALUPE EYJAR Í MEXÍKÓ OG AÐ HLUTA  
Í MIÐJARÐARHAFI OG ADRÍAHAFI.

## VISSIR ÞÚ AÐ ...



fundist hafa steingervingar sem benda til þess að hvítháfar hafi synt um heimshöfin í a.m.k. 16 milljón ár. Sumir vísindamenn telja þá hafa verið til mun lengur.



áður fyrr var talið að líftími hvítháfa væri um 25 ár. Nýjar rannsóknir benda hins vegar til að þeir geti orðið allt að 70 ára gamlir.



þyngsti hvítháfur sem vitað er um mældist um 3000 kg eða um 3 tonn. Til samanburðar má benda á að lítill jeppi vegur um 1,5 tonn.



fullvaxinn hvítháfur étur um 11 tonn af fæðu á einu ári.



ef á reynir geta hvítháfar lifað í þrjá mánuði án þess að nærast.



hákarlar búa yfir sex skilningarvitum; sjón, lykt, bragðskyni, snertingu, heyrn og rafskynjun.



eitt sinn fannst hákarlstönn sem var rétt um 9 sentimetrar að lengd.

## VERKEFNI

blót → 



1. Hvert er fræðilega heitið á hvíthákörlum?
2. Hvað gerist ef hvítháfur missir tönn?
3. Nefndu fjóra staði í heiminum þar sem lítill hætta er á að rekast á hvítháf.
4. Í hvaða tilgangi eru rafeindamerkin notuð?
5. Hvernig fengust upplýsingar um sundvenjur hvítháfa?
6. Hvernig fjölga hákarlar sér?
7. Hversu mörgum afkvæmum má búast við að hvítháfur gjóti í hvert skipti?
8. Hversu stór eru afkvæmin þegar þau fæðast?
9. Nefndu tvö skynfæri sem nýtast hákarlinum einna best við fæðuöflun.



HAWAII!





## DJÚPBLÁ

10. Hvar í heiminum eru mestar líkur á því að verða fyrir hákarlaárás ef marka má heimildir?
11. Nefndu tvennt sem einkennir búsvæði hákarla.
12. Einungis tvær dýrategundir ógna hvítháfum. Hverjar?
13. Maðurinn hefur fimm skilningarvit. Hvaða skynfæri nýtir hvítháfur m.a. við fæðuöflun sem maðurinn hefur ekki?
14. Hver er helsta fæða hvítháfa? Hversu mikið étur hann á einu ári? Hversu lengi getur hann lifað án fæðu?
15. Ræðið um merkingu þessara orða:



- ránfiskur
- líftími
- tækifærissinni
- got
- atferli
- klak

16. Teiknaðu upp í réttri stærð, stærstu hákarlatönn sem fundist hefur.



6 METRAR!





## KAFARAR Í HÆTTU STADDIR


14.08.2015 | 14:25



Hákarl réðist á ástralskan kafara á fimmtugsaldri við strendur Tasmaníu í morgun. Kafarinn var að kafa eftir hörpuskel ásamt dóttur sinni.

Talsmaður lögreglunnar á Tasmaníu hefur staðfest lát mannsins. Að hans sögn voru feðginin bæði að kafa þegar árásin átti sér stað. Dóttir mannsins hafði farið til baka í bátinn á meðan faðir hennar kafaði aftur til að ná í meiri hörpuskel. Eftir dágóða bið þar sem ekkert bólaði á manningnum varð dóttirin áhyggjufull og kafaði til að kanna málið.

Þá sér hún að hákarl er að gera atögu að föður hennar, sem reynir að koma vörnum við. Konan, sem er á þrítugsaldri, kom sér aftur upp í bátinn og kallaði eftir aðstoð með því að kveikja á blysi.



Bátar sem staddir voru í nágrenninu komu samstundis aðvífandi og aðstoðuðu konuna við að hífa manninn upp með því að toga í súrefnis-slöngu hans. Maðurinn var með mikla áverka þegar hann náðist um borð og lést stuttu síðar.

Svæðið sem um ræðir er vinsælt meðal kafara. Að sögn lögreglu voru margir kafarar í sjónum þennan morgun, einmitt þegar árásin átti sér stað. Hákarlaárásir eru sjaldgæfar á svæðinu en hins vegar höfðu strandgæslunni borist tilkynningar um að sést hefði til hvítháfs í nágrenninu síðastliðna daga. Talið er að umræddur hákarl sé um 4,5 metra langur.



## BRÁÐIN BEIT VEIÐIMANNINN

21.10.2017 | 18:27

Hákarlaárás átti sér stað undan vesturströnd Írlands síðastliðið laugardagskvöld.

Samkvæmt fréttaveitunni BBC réðist hákarlinn á sjóstangaveiðimann sem fékk djúp sár en er ekki í lífshættu. Maðurinn var við veiðar á sjóstöng sína þegar hákarl beit á agnið. Þegar maðurinn kepptist við að draga hákarlinn um borð var hann bitinn í handlegginn.

Áhöfnin brást skjótt við, veitti skyndihjálp og kallaði út björgunarbát. Maðurinn var fluttur á slysadeild þar sem gert var að sárum hans.

Bráðaliðinn á björgunarbátnum, sem sótti manninn, telur ekki ástæðu til að hræða fólk og vill ekki flokka atvikið undir hákarlaárás. Frekar sé um óheppilegt slys að ræða þar sem atvikið hafi átt sér stað þegar veiðimaðurinn var að basla við að koma hákarlinum um borð í bát sinn og að meiðsli hans teldust ekki alvarleg. Auk þess átti slysið sér stað í mikilli fjarlægð frá landi og því óþarfi fyrir almenning að hafa áhyggjur.


Áhöfn stangveiðibátsins telur að hákarlinn hafi verið svokallaður bláháfur. Ekki er það þó vitað fyrir víst því hákarlinn náði að sleppa frá veiðimönnunum. Bláháfur er ákaflega hraðskreiður hákarl, sem getur orðið allt að 200 kg og tæpir 4 metrar á lengd. Bláháfurinn er þekktur fyrir að gera skyndiárásir á önnur dýr og þar eru menn engin undantekning.

11.01.2019 | 10:13

## DJÚPBLÁ HEILSAÐI UPP Á KAFARA

Hópur kafara sem í vikunni var í leiðangri í hafdjúpunum undan norðurströnd Oahu í Kyrrahafi upplifði ótrúlegt atvik þegar risastór hvítháfur, líklega sá stærsti í heimi, synti forvitinn í kringum þá dagóða stund.

Marigold Seaside er mikil áhugakona um hákarla og hefur um langt skeið leitt skoðunarferðir með fólk á hákarlaslóðir undan ströndum Hawaii eyju. Síðastliðinn þriðjudag var hún að kafa með hópi fólks og fylgdist með tígrishákörslum éta hvalhræ þegar sex metra langur hákarl birtist skyndilega.



„Hann var bara allt í einu kominn, synti hægt og rólega um og skoðaði hvalhræið. Síðan beindist athygli hans að okkur,“ sagði Seaside við blaðamenn. „Við héldum ró okkar og fylgdumst með honum synda um. Eitt sinn kom hann alveg upp að mér. Ég rétti út höndina og snerti hann. Það var ótrúleg upplifun.“

Kafararnir náðu ótrúlegum myndum af hvítháfnum sem gaf sér dágóðan tíma til að skoða aðkomumennina.


Að öllum líkindum var hér á ferð Djúpblá sjálf, gríðarstór 6 m langur kvenhákarl sem var merktur undan ströndum Hawaii um aldamótin. Ef satt reynist er hér um að ræða um 50 ára gamlan hvítháf.

„Ég sá fljótlega að hér var á ferðinni kvendýr. Og ég gæti trúað að hún ætti von á sér. Kviðurinn var svo gríðarlega mikill,“ bætti Seaside við um leið og hún varaði fólk við því að halda til hafs í leit að hvítháfnum. „Hákarlar eru gríðarlega hættulegir ránfiskar sem við eigum að virða. Þeir eru engin lömb að leika sér við. Djúpblá var í góðu skapi þennan dag. Við vorum heppin. Ótrúlega heppin.“

HÁKARL

## VERKEFNI

1. Hvaða frétt lýsir hákarlaárás?
2. Í hvaða frétt koma fleiri en einn hákarl við sögu?
3. Hvað má rekja mörg dauðsföll til þeirra atvika sem fram koma í fréttunum þremur?
4. Nefndu þrjár tegundir hákarla sem nefndar eru í fréttunum.
5. Af hverju taldi bráðaliðinn að sjóstangaveiðimaðurinn hefði orðið fyrir slysi en ekki árás? Hver er þín skoðun?
6. Til hvaða hákarlategundar telst Djúpblá? Af hverju á hún sér nafn frekar en aðrir af sömu tegund?
7. Myndir þú fara í hákarlaskoðunarferð með Marigold Seaside? Af hverju?/Af hverju ekki? Færðu rök fyrir ákvörðun þinni.
8. Í öllum fréttunum er vitnað í heimild eða heimildarmenn. Finndu þá og raðaðu í röð eftir áreiðanleika. Hver er áreiðanlegasta heimildin? Hver er síst áreiðanleg?



ÍSLAND!



## LANDA – KORTIÐ

Missir þú alltaf af Landanum? Hinum fjölbreytta og laufléttu fréttu- og þjóðlífsþætti sem mjög margir horfa á. Þú ert við það að detta í lukkupottinn því hér eru nokkur brot af því besta úr Landanum.

Horfðu og hlustaðu á þessi myndskreið og svaraðu spurningunum.



HVER ELSKAR EKKI LANDANN?



### SNJÓSKAUTAR?

Nú þarftu að horfa á þáttinn!



## VERKEFNI

1. Skíðaskautarinn Ingi Freyr hefur oft verið eltur uppi og stoppaður
  - a. þegar hann fer á skíði.
  - b. þegar hann stoppar í brekkunni.
  - c. þegar hann fer í skíðalyftu.
2. Af hverju?
3. Hvað eru snjóskautar?
  - a. Skíðaklossar með áföstum skíðum og virka eins og skautar.
  - b. Skautar sem virka jafn vel í snjó og á svelli.
  - c. Skór sem eru eins og snjóbretti.
4. Hvað gerði Ingi Freyr til að öðlast meiri færni á snjóskautum?
5. Hvar mun hópurinn keppa næst samkvæmt innslaginu?
6. Hver er helsti munurinn á skíðum/bretti og snjóskautum að mati viðmælenda?



LANDINN



## GÖMLU LEIKIRNIR LIFA GÓÐU LÍFI

Hér er annað skemmtilegt þáttarbot til að horfa á!



## VERKEFNI



1. Hvað heitir faðir Birkis?
  - a. Hvar býr Birkir?
  - b. Hverju safnar hann?
2. Hvaða safngrip dregur Birkir fram í upphafi viðtalsins?
3. Segja má að Birkir vinni við áhugamálið sitt. Hvað gerir hann og hvert er heiti hans í vinnunni?
4. Draumur Birkis er að búa til þætti í anda þekktra sjónvarpsþátta. Um hvað eiga þeir að fjalla? Hvaða þættir eru fyrirmyndin?
5. Hverju kennir Birkir um að hann sé ekki betri spilari en raun ber vitni?
6.
  - a. Hvað er Rob the Robot?
  - b. Hvernig spilari er Rob?

**SUPER  
MARIO**



LOADING...




**SEGA**





## KRAFTAFÓLK Á ÓLAFSFIRÐI

Þá er það síðasta myndskaiðið!



## VERKEFNI




1. Formaður kraftlyftingasambands Ólafsfjarðar heitir
  - a. Ólafur Angantýsson
  - b. María Petra Björnsdóttir
  - c. Kristján Sólmundarson
2. Hvenær var félagið stofnað samkvæmt myndskaiðinu?
3. Hvað hefur breyst í íþróttasalnum frá því fyrstu æfingarnar fóru fram?
4. Á hvaða aldri eru flestir iðkendurnir?
5. Hvaða æfing finnst Kristjáni skemmtilegust?
6.
  - a. Hvað kallast æfingin sem Ronja lýsir í viðtalinu?
  - b. Hvað reynir hún við mörg kg?
  - c. Hversu oft lyftir hún þeirri þyngd?
7. Álfheiður setur á sig belti áður en hún lyftir. Hvers vegna?
8. Hvernig er stemmningin í hópnum á æfingum?
9. eru kraftlyftingar heppilegar æfingar fyrir unglunga að þínu mati? Rökstyddu svarið.

KRAFTLYFTINGAFÉLAG  
ÓLAFSFJARÐAR



KOMA SVO!



## ÞÚ KEMST HVERT Á LAND SEM ER MEÐ

- EF ÞÚ KANNT AÐ LESA  
ÚR TÍMATÖFLUNUM

STRÆTÓ



Fargjöld eru seld á vefsíðu Strætó, í Strætó appinu eða sölustöðum Strætó um allt land.


Vagnstjórar innheimta fargjald frá farþegum og fylgjast með hvort það er gilt.

Vagnstjóri á höfuðborgarsvæðinu getur hvorki endurgreitt né skipt peningum.

Það er hægt að greiða með peningum og debit- eða kreditkorti um borð í landsbyggðarvögnunum. Farþegar gætu þurft að sannreyna aldur eða örorku.



Arna er 17 ára og býr á Hólmavík. Hún ætlar að nýta leið 59 með Strætó og heimsækja Aron bróður sinn sem er í Háskólanum á Bifröst. Hún vill vita meira um ferðalagið og hvað það kostar að komast á áfangastað.



Leið 59 Hólmavík	Almennt fargjald	12–17 ára	6–11 ára	Aldraðir og öryrkjar	Miðar
Króksfjarðarnes (59)	1410 kr.	495 kr.	213 kr.	435 kr.	3
Skriðuland (59)	1880 kr.	660 kr.	284 kr.	580 kr.	4
Búðardalur (59)	3290 kr.	1.155 kr.	497 kr.	1.015 kr.	7
Bifröst (59)	4.700 kr.	1.650 kr.	710 kr.	1.450 kr.	10
Borgarnes (57)	5.640 kr.	1.980 kr.	852 kr.	1740 kr.	12
Akranes (57)	6.580 kr.	2.310 kr.	994 kr.	2.030 kr.	14
Mjódd (57)	7.050 kr.	2.475 kr.	1.065 kr.	2.175 kr.	15



# VERKEFNI



1. Hvað merkja orðin? Flettu þeim upp í orðabók eða á Snöru og kynntu þér merkingu þeirra.
  - a. Landsbyggð
  - b. Innheimta
  - c. Öryrki
  - d. Fargjald
  - e. Sannreyna
2. Hvað þarf Arna að greiða fyrir ferðina á Bifröst?
3. Hvað eru það margir strætómiðar? Hvað kostar einn miði fyrir Örnun?
4. Langafi Örnun ákveður að skella sér með. Hann fær sérstakan afslátt.
  - a. Hvað þarf hann að borga marga strætómiða?
  - b. Hvað kostar farið fyrir hann?
  - c. Þegar langafi kaupir miðann sinn þarf hann að sýna skilríki. Af hverju?
5. Hvað stoppar vagninn oft á leiðinni áður en komið er að Bifröst?
6. Ferðaáætlun breytist. Aron ákveður að koma inn í vagninn á Bifröst og saman ætlar fjölskyldan til Reykjavíkur.
  - a. Aron á ekki strætómiða. Hvernig getur hann borgað farið?
  - b. Hvað þurfa Arna og langafi hennar að bæta við mörgum miðum til að komast í höfuðborgina?
  - c. Hvað kostar farið fyrir Aron til Reykjavíkur (Mjódd)?
7. Í Borgarnesi þurfa allir að yfirgefa vagn númer 59. Af hverju?
8. Hjá Strætó eru fjórir fargjaldaflokkar. Hverjir borga almennt fargjald?
9. Í næstu viku þarft þú að taka strætó til og frá skóla en átt hvorki strætókort né strætómiða. Hvað gerirðu? Nefndu nokkur dæmi.
10. Eitt af hlutverkum vagnstjóra er að athuga hvort fargjaldið sé gilt. Hvað er átt við með því?
11. Ekkert er minnst á hvað fargjald kostar fyrir fólk á aldrinum 0–6 ára. Hvernig ætli standi á því?

OPNA AÐ  
AFTAN  
TAKK!





## EINRÆÐA

Einræða er, eins og orðið gefur til kynna, eintal persónu. Hægt er að líta svo á að einræða sé andstæðan við samtal. Einræður má t.d. finna í grískum leikritum, verkum enska leikskáldsins William Shakespeare og í kvikmyndum. Dæmi er einræða persónunnar Jules Winnfield í myndinni *Pulp Fiction* þar sem hann flytur texta úr Gamla testamentinu. Annað dæmi er einræða Chaplins í klassísku myndinni *Einræðisherrann*.

Einræður geta verið fyndnar, sorglegar, hvetjandi, upplýsandi og um allt milli himins og jarðar. Þeir sem hyggja á leiklistarnám þurfa oft að leggja á minnið einræður og flytja þær í inntökuprófi.

Ímyndaðu þér að þú sitjir í leikhúsi. Ljósín í salnum eru slökkt og sviðið er alveg myrkvað. Allt í einu er kveikt á einum ljóskastara og beinist hann að manneskju. Hún opnar munninn og flytur einræðu:

Stundum er eins og höfuðið á mér sé stútfullt af einskisnýtum fróðleik. Eins og til dæmis að flest banaslys í umferðinni gerast á laugardegi, meiri líkur eru á því að fá hjartaáfall á mánudegi en aðra vikudaga og að sólin veldur þriðjungi allra krabbameina. Þetta eru upplýsingar sem ég sankað mér með því að hlusta á aðra. Vísifingur frelsisstyttunnar í New York er rúmlega tveir og hálfur metri á lengd. Ég tala ekki mikið og á ekki marga vini. Ekki núna. Ég átti fullt af vinum þegar ég var yngri. Svo breyttist allt eftir jólafríið í 7. bekk. Á lífsleiðinni eignast fólk að meðaltali um 396 vini og kunningja en aðeins eitt af hverjum tólf vinasamböndum endist. Gagnslaugar upplýsingar flækjast fyrir mér, fyrir hugsunum mínum. Fánýtar og ónothæfar staðreyndir poppa upp í hugann þegar ég reyni að einbeita mér að samtölum. 7% allra íbúa Ameríku trúá því að kókómjólk komi beint úr brúnum beljum. Ég var áður vinsæl og það var eftirsóknarvert að koma heim til mín eftir skóla. Otrar haldast í hendur þegar þeir sofa til að þeir fljóti ekki hvor frá öðrum í svefni. Mamma og stjúpi voru eiginlega aldrei heima, þau unnu mjög mikið. 85% starfa sem unnin verða eftir árið 2030 eru ekki til í dag. Svo missti stjúpi vinnuna í lok nóvember, þegar ég var í 7. bekk. Smæsta bein líkamans er í eyranu. Fyrst var fínt að hafa hann alltaf heima þegar ég kom úr skólanum. En svo breyttist allt. Það er hægt að heyra ljón, sem er í 8 km fjarlægð, öskra. Hann var oft í skrítnu ástandi þegar ég kom heim. Jafnvægislaus og talaði óskýrt. Mamma fór ekki með hann til læknis og þau rifust mikið. Í upphafi 19. aldar var tómatsósa notuð sem meðal. Vinir mínir vildu ekki lengur koma heim til mín. Ég vildi ekki lengur vera heima hjá mér. Fingraför barna þurrkast út hraðar en fingraför fullorðinna.


## VERKEFNI



"I WILL STRIKE UPON THEE WITH GREAT VENGEANCE..."



1. Hvað er einræða?
2. Þekkir þú einhver leikverk eftir William Shakespeare?
3. Hversu margar fánýtar staðreyndir er að finna í einræðunni?
4. Hvað merkir orðið eftirsóknarverður?
5. Finndu öll orðin í textanum sem þýða það sama og einskisnýtur?
6. Hvað þýðir það að 85% starfa sem unnin verða eftir árið 2030 séu ekki til í dag?
7. Hvað gerðist í lok nóvember?
8. Stjúpi var jafnvægislaus og talaði óskýrt. Mamman sá samt ekki ástæðu til að fara með hann til læknis. Hvað heldur þú að hafi verið að stjúpa?
9. Grúskaðu! Hvaða ár spanna 19. öldina?
10. Lestu textann aftur og hoppaðu yfir fánýtu upplýsingarnar. Endursegðu hvaða upplýsingar við höfum um manneskjuna sem talar.
11. Spreyttu þig! Ímyndaðu þér að þú standir á myrkvuðu sviði og allt í einu beinist ljóskastari að þér. Skrifaðu niður einræðu sem persónan sem þú leikur flytur áhorfendum.



## ERTU Í VANDRÆÐUM MEÐ AÐ BYRJA? HÉR ERU NOKKRAR HUGMYNDRIR AÐ UPPHAFI:


- ÞIÐ GETIÐ RÉTT ÍMYNDAÐ YKKUR HVAD ÉG VARD HISSA ÞEGAR ÉG VAKNAÐI EINN DAGINN SEM KÖTTUR ...
- ÉG VISSI EKKERT HVAD HAFÐI GERST. ÉG RANKAÐI BARA VIÐ MÉR OG LÁ ÞARNA Í MIÐJUM BLÓÐPOLLI ...
- ÞETTA HEFÐI ALDREI GERST EF ÉG HEFÐI EKKI SOFIÐ YFIR MIG. EN ...
- BÍLLINN KEYRÐI BURT OG ÉG STÓÐ EFTIR Í MYRKRINU Í VEGAKANTINUM ...
- ÞEGAR VÉLIN LENTI ÞÁ VISSI ÉG AÐ STÓRKOSTLEGT ÆVINTÝRI BEIÐ OKKAR ...

# ORIGAMI



Origami er japönsk pappírslíst sem felur í sér að útbúa skúlptúra með pappír án þess að nota lím eða skæri. Aðferðin er svipuð og þú notar þegar þú býrð til skutlu eða gogg. Þú brýtur pappírinn saman eftir kúnstarinnar reglum og út kemur t.d. fugl, blóm eða dýr.

Hér eru leiðbeiningar til að búa til fugl með origami pappírsbroti. Athugaðu að til að gera fuglinn þarf blaðið sem þú notar að vera rétthyrnt, þ.e. allar hliðar blaðsins verða að vera jafn langar.



## VERKEFNI



1. Hvað er origami?
2. Lýstu með orðum hvað á að gera í 1. skrefi (mynd 1).
3. Hvað sýnir græni liturinn okkur á útskýringarmyndinni?
4. Lýstu með orðum hvað á að gera í 4. skrefi (mynd 4).
5. Í 7. skrefi sýna örvarnar hvernig þú gerir punktalínurnar. Hvað heldur þú að punktalínurnar merki?
6. Skref 8 og 9 er endurtekið í skrefi 10 og 11. Hvað heldur þú að örin á skýringarmynd númer 10 þýði?
7. Í 12. skrefi brýtur þú fjögur brot. Skoðaðu hvernig örvarnar snúa. Hvað eru þær að segja?
8. Nú er um að gera að láta á það reyna að búa til fuglinn. Hvernig gekk? Fannst þér allar skýringarmyndirnar segja þér nákvæmlega til um hvert næsta skref væri? Ef ekki, á hvaða skýringarmynd stoppaðir þú? Hvernig mætti hafa fyrirmælin skýrari?



# ORIGAMI

Á NETINU ER HÆGT AÐ FINNA  
FJÖLMARGAR LEIÐBEININGAR.  
Á MYNDUM OG Í MYNDSKEIÐUM.  
UM HVERNIG MÁ FÖNDRA HIN OG  
ÞESSI ORIGAMI-LISTAVERK. ÆFINGIN  
SKAPAR MEISTARANN.



## UPPFINNINGAR: STRIGASKÓR

Strigaskór eru ekki nýleg uppfinning eins og halda mætti í fljótu bragði. Hægt er að rekja sögu þessa vinsæla skóbúnaðar allt aftur á miðja 19. öld. Fyrstu þekktu pörin voru grófgerðir skór úr strigaefni með þykkum og stífum gúmmísólum. Lítið var lagt upp úr útliti og enginn munur var á lögun hægri og vinstri sóla. Þrátt fyrir það var ljóst að hér var á ferðinni ný tegund skófatnaðar sem fólk hreifst af.

Rétt fyrir aldamótin 1900 var kynnt til sögunnar í Bandaríkjunum ný og þægilegri tegund af strigaskóm, sem samstundis varð gífurlega vinsæl. Þeir kölluðust Keds og voru með þunnum og sveigjanlegum gúmmísólum og mjúkum striga sem náði upp fyrir ökkla. Íþróttamenn úr ýmsum greinum féllu fljótt fyrir Keds-skónum og urðu þeir einnig vinsælir meðal almennings. Eftirspurnin var slík að árið 1917 hófst fjöldaframleiða á Keds-strigaskónum.

Fljótlega var farið að kalla þessa fyrstu strigaskó Sneakers á ensku og var þá verið að vísa til þess að gúmmísólarnir væri svo mjúkir og hljóðlátir að auðvelt væri að læðast (sneak) um í þeim.

Sama ár og þeir fóru í framleiðslu hannaði Marquis Converse sitt fyrsta par af strigaskóm, sem síðar varð þekkt sem Converse All-Stars. Bæði Keds og Converse skórnir hafa haldið vinsældum sínum fram á þennan dag.

Vinsældir strigaskónna breiddust fljótt út um allan heim. Árið 1924 hannaði hinn þýski Adi Dassler skó sem hann nefndi eftir sjálfum sér; Adidas. Íþróttafólki sem notaði skóna fannst þeir bæta árangur sinn. Árið 1936 fengu skórnir alþjóðlega athygli þegar hlaupagarpurinn Jessie Owens hljóp til sigurs í Adidas skóm á Ólympíuleikunum í Berlín. Íþróttaskórnir hans Adi áttu eftir að verða þeir vinsælustu í heiminum.

Líklega hafa strigaskór verið Dassler fjölskyldunni hugleiknir því bróðir Adi, Rudy Dassler, hannaði einnig sína eigin línu af íþróttaskóm sem notið hafa mikillar hylli. Rudi kallaði sína skó Puma.





Framan af 20. öldinni notaði fólk nær eingöngu strigaskó í tengslum við íþróttaiðkun. En um 1950 breyttist það snarlega. Ungt fólk í Norður-Ameríku og Evrópu fór að sjást í strigaskóm. Og eftir að hinn ungi bandaríski leikari James Dean fór að ganga í Converse strigaskóm við gallabuxur árið 1955 varð allt vitlaust. Strigaskórnir voru orðnir tískuvara.

Undir lok 20. aldar fengu framleiðendur þá hugmynd að fá þekktar íþróttastjórnur til að nota og kynna ákveðnar tegundir af strigaskóm. Þessi markaðsetning tókst ákaflega vel og jók vinsældir íþróttaskófatnaðar til muna. Besta dæmið um slíka herferð er þegar hinn heimsfrægi körfuboltamaður Michael Jordan samdi við Nike um að leggja nafn sitt við og auglýsa nýja tegund af strigaskóm sem þá voru að koma á markað. Skórnir, Air Jordans, urðu gríðarlega vinsælir á met tíma og eru enn í dag vinsæl söluvara.


Síðustu áratugina hafa vinsældir þessa skófatnaðar aukist enn frekar. Ný vörumerki hafa litið dagsins ljós og náð miklum vinsældum t.a.m. Reebok, Vans, Asics og Yeezy. Útlit þeirra tekur stöðugum breytingum og tískustraumar ráða för við hönnun á nýjum skóm. Nú á dögum er hægt að fá skó í öllum litum og með ólíkri lögun auk þess sem skór eru hannaðir sérstaklega fyrir hverja íþróttagrein; gönguskór, hlaupaskór, körfuboltaskór o.s.frv. Allir framleiðendurnir keppast við að innleiða nýjustu tækni og efni í vörur sínar til að gera upplifun eigandans betri.

## VERKEFNI

Keds®

1. Af hverju þóttu Keds skórnir vera betri en þeir strigaskór sem áður höfðu verið framleiddir?
2. Hvers vegna var farið að fjöldaframleiða Keds skóna?
3. Hvaða áhrif hafa bræðurnir Adi og Rudy haft á íþrótt heiminn?
4. Hvað varð til þess að strigaskórnir slógu endanlega í gegn og urðu vinsælir meðal ungs fólks?
5. Hvaða strigaskór gerðu Nike að einu vinsælasta vörumerki heims? Hvað olli þessum miklu vinsældum?
6. Bæði Keds og Converse skór hafa haldið vinsældum sínum í yfir hundrað ár og eru enn vinsæl söluvara, þrátt fyrir að hafa lítið breyst. Af hverju ætli það sé að þínu mati?
7. Enska heitið Sneakers á sér skemmtilega forsögu. Við Íslendingar kusum hið augljósa heiti: skór úr striga – strigaskór. En hvaða heiti hefði orðið fyrir valinu ef við hefðum fylgt fordæmi enskumælandi landa og valið eitthvað hnyttið? Settu fram þínar hugmyndir að nýyrði.





## ÖRSÖGUR – PRÓSA LJÓÐ



Örsögur og prósaljóð eru stuttar frásagnir í óbundnu máli. Þær eru ljóðrænar og fanga oft einhvern atburð eða tilfinningu. Örsögur og prósaljóð segja okkur eitthvað í styttra máli en t.d. smásaga. Skoðum tvo texta úr ljóðabókinni *Hnattflug* eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur.

### KAÍRÓ

Hér myndi blindur vinur minn njóta sín sér í lagi á laugardegi hann sæi með sjálfum sér eril og götusala píramída kryddpoka ilmglös og hvítan snúruþvott hér myndi blindur vinur minn brosa því hann gæti látið sem hann tæki ekki eftir moldinni ryðinu og brúnabyngd leigubílstjóra.



### PALERMO

Högg á hnakkann kyrr liggur andar blæðir andar hægar bíður hlustar man hlustar gleymir líður illa betur blæðir bráðum hægar ...



## VERKEFNI

1. Hvernig nýtast skynfærin til að njóta borgarinnar Kaíró?
2. Hvaða skynfæri gæti skemmt upplifun á Kaíró samkvæmt ljóðmælanda?
3. Skáldið notar engin greinarmerki nema bara í blálökin. Hvaða áhrif hafði það á lestur þinn á ljóðunum?
4. Ræðið! Hvar mynduð þið bæta við kommum og punktum í textann Kaíró?
5. Finndu á korti hvar Kaíró er. Við hvaða á stendur borgin?
6. Hvað er að gerast í prósaljóðinu Palermo?
7. Spreyttu þig! Hugsaðu til einhvers atburðar sem þú hefur heyrt sögur af eða upplifað og skrifaðu örsögu eða prósaljóð til að segja frá þeim atburði.





## PLAGGAT EÐA PLAKAT ... JAFNVEL PLAGAT

Í lok árs 2018 komst listamaðurinn Banksy í fréttir hér á Íslandi, eða öllu heldur listaverk eftir hann. Um var að ræða eftirprentun af verki sem hann gaf fyrrum borgarstjóra, Jóni Gnarr, í borgarstjóratíð hans.

Verkið hékk áður á borgarstjóraskrifstofunni í ráðhúsinu en þegar Jón Gnarr lét af embætti tók hann verkið með sér heim. Fréttirnar árið 2018 snerust um það hvort Jón Gnarr ætti að greiða skatt af gjöfinni eða ekki og hvort plakatið væri mikils virði eður ei.

Hér ætlum við ekki að fara nánar í fréttirnar að öðru leyti en því að blaðamenn og netverjar virtust eiga erfitt með að stafsetja orðið plakat. Margar útfærslur litu dagsins ljós, t.d. plaggat, plagat, platgat og platkat.

Í þættinum *Morgunverkin* á Rás 2 fékk þáttastjórnandi málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins í stutt viðtal og spurði út í orðið plakat og hvernig stafsetja eigi orðið.

Málfarsráðunauturinn sagði að í stafsetningarorðabók sé orðið skrifað plakat. Þeir voru sammála um að enginn segir orðið plakat með áherslu á k-ið og að rétt stafsetning sé því í andstöðu við framburðinn. Flestir skrifa orðið eflaust með tveimur g-um, plaggat, þar sem sú stafsetning fellur að framburðinum. Málfarsráðunauturinn benti síðan á að ef til vill væri best að nota orðið veggspjald, sem er gott og gilt orð yfir tökuorðið plakat. Þáttastjórnandinn tók undir að orðið veggspjald sé töluvert einfaldara orð fyrir fólk að nota, enda enginn vafi á rithætti þess orðs. Tvö g og ekkert k í boði.



## VERKEFNI



1. Hvað þýðir að láta af embætti?
2. Um hvað snerust fréttirnar sem tengdust listaverki Banksy?
3. Hvað merkir orðið netverji?
4. Skoðaðu orðið málfarsráðunautur.
  - a. Hvaða orðum er skeytt saman til að mynda þetta orð?
  - b. Hvert heldur þú að starf málfarsráðunautar sé?
  - c. Myndaðu þér skoðun á eftirfarandi fullyrðingu:  
*Það er nauðsynlegt að hafa málfarsráðunaut á öllum fréttastofum landsins.* Skrifaðu niður a.m.k. þrenns konar rök með eða á móti fullyrðingunni.
5. Af hverju er betra að nota orðið veggspjald en plakát?
6. Hvort finnst þér að stafsetning eigi að fara eftir
  - a) framburði eða b) stafsetningarreglum? Af hverju?
7. Nefndu a.m.k. einn kost og einn ókost við að orð séu stafsett eftir framburði.



MÁLFARSRÁÐUNAUTUR  
MÁLFASSRÁÐUHNÖHJTUR

PLAGGHAT?  
PLAGGAT?  
PLAKAT?  
~~PLAKGAT~~



## HVER ER BANKSY?

Í stuttu máli þá veit enginn hver Banksy er. Jú, kannski fáir útvaldir sem standa listamanninum eða listakonunni næst. Banksy, sem er listamannsnafn, fer nefnilega huldu höfði og skapar götulistaverkin sín yfirleitt að næturlagi. Sumir telja að Banksy sé í raun hópur nokkurra listamanna en ekki bara ein manneskja.

Götulistaverk Banksy birtast á húsveggjum, skúrum, brúm og öðrum almenningsstöðum. Þau hafa fundist víða um heim. Þau eiga það flest sameiginlegt að innihalda einhverja þjóðfélagsádeilu og svartan húmor. Til dæmis er verk eftir hann þar sem ungt barn situr við saumavél og er það ádeila á barnaprælkun. Annað verk sýnir ballerínu með súrefnisgrímu, sem minnir okkur á mengun og loftlagsmál.

Kannski er þekktasta verk Banksy mynd af stelpu sem teygir sig eftir bandi, sem bundið er við hjartalaga blöðru. Stelpan er máluð í svart-hvítu en blaðran er eldrauð. Verkið er myndlíking fyrir alla þá sem hafa átt í einhverju basli og misst vonina. Þegar lífið virðist litlaust er alltaf von og tákna rauða blaðran vonina.

Talið er víst að Banksy sé frá Englandi, nánar tiltekið frá Bristol eða nálægt þeirri borg. Flestir telja að Banksy sé karlmaður og að hann hafi byrjað sem unglingur að graffa á byggingar í Bristol. Í ágúst 2015 opnaði Banksy drungalegan skemmtigarð á Suðvestur-Englandi. Garðurinn hét Dismaland og er afbökun á heimi Disneylands. Garðurinn var, eins og listaverk Banksy, fullur af þjóðfélagsádeilum og sagði Banksy að garðurinn væri fjölskylduskemmtigarður sem væri ekki við hæfi barna. Garðurinn var líkt og listasýning, eingöngu opinn í nokkra daga.

TIL AÐ KYNNAST BETUR VERKUM  
BANKSY ER T.D. HÆGT AÐ SLÁ INN  
LEITARORÐUNUM WHO IS BANKSY?  
Á NETINU OG FÁ SLÓÐ AÐ STUTTRI  
HEIMILDARMYND Á ENSKU UM LISTA-  
VERK HANS OG UM DISMALAND.





## VERKEFNI



1. Hvað er vitað fyrir víst um Banksy? Finndu a.m.k. 3 atriði í textanum.
2. Af hverju telur þú að Banksy fari huldu höfði?
3. Grúskaðu á netinu og skoðaðu listaverk Banksy. Finndu mynd sem fellur að þínum smekk og skrifaðu eða segðu bekkjarfélaga þínum frá því af hverju þú valdir þér þessa mynd og hvernig þér finnst hún. Sýnir hún einhverja ádeilu?
4. Skoðaðu myndskleið á netinu sem sýna Dismaland.
  - a. Hvað finnst þér um þennan garð? Hefðir þú viljað fara í hann? Af hverju/af hverju ekki?
  - b. Hvernig nýtti Banksy sér hina þekktu Disneyland garða í hugmyndavinnu sinni að Dismalandi?
  - c. Gast þú fundið atriði í garðinum þar sem finna má þjóðfélagsádeilu? Lýstu því sem þú sást og hvernig þú túlkaðir það sem þjóðfélagsádeilu.



BANKSY





## ORÐAFORÐI

Orðaforði þinn mælist af þeim fjölda orða sem þú þekkir og getur notað í töluðu máli. Hér koma nokkur orð, ný og gömul, sem þú getur safnað í þinn orðaforðasarp.

**Tölva:** Orðið tölva hefur verið til í íslensku síðan árið 1965 en ári fyrr eignaðist Háskóli Íslands sína fyrstu tölvu. Sigurður Nordal prófessor notaði fyrstur orðið tölva, sem þótti töluvert þjálfa en rafeindareiknir sem notað var upphaflega. Hugmyndin að baki orðsins er að sameina orðin tala og völva. Orðið beygist eins og völva. Og nei, maður segir ekki talva 😊

**Falsfrétt:** Orðið falsfrétt (í fleirtölu falsfréttir) er tiltölulega nýtt orð í íslensku en minnir á eldra orðið falskenning. Falsfréttir er hugtak sem notað er um vafasamar fréttir og upplýsingar sem dreift er til dæmis á samfélagsmiðlum. Falsfréttir geta þess vegna verið uppspuni frá rötum, bara til að koma röngum upplýsingum til fólks, t.d. til að bæta ímynd einstaklinga eða fyrirtækja.

**Stuttbuxur:** Orðið stuttbuxur er eitt af þeim orðum sem manni finnst að alltaf hafi verið til. En það var Jónas Hallgrímsson sem fann upp á þessu snjalla og lýsandi orði. Jónas bjó til fjölmörg nýyrði og næst þegar þú heldur á tíu þúsund króna seðli þá getur þú ekki bara séð mynd af Jónasi heldur líka lesið brot úr ljóðum eftir hann, skrifuðum með hans rithönd. Nýyrði eftir Jónas eru m.a. orðin sjónauki, sporbaugur, ljós-hraði, skjaldbaka, bringusund, páfagaukur og lambasteik.

### Í ÍSLENSKU SKIPTUM VIÐ ORÐUM Í ÞRJÁ FLOKKA EFTIR UPPRUNA ÞEIRRA:

**ERFÐAORÐ:** ORÐ SEM Hafa verið til í ÍSLENSKU FRÁ Því VIÐ LAND-NÁM (T.D. LAND, VATN OG ÉG).

**NÝYRÐI:** ORÐ SEM URÐU TIL EFTIR AÐ LAND BYGGÐIST OG ERU BÚIN TIL YFIR NÝJUNGAR (T.D. TÖLVUPÓSTUR, AKBRAUT OG FLUGVÖLLUR).

**TÖKUORÐ:** ORÐ SEM ERU TEKIN ÚR ERLENDUM TUNGUMÁLUM OG AÐLÖGUÐ ÍSLENSKU (T.D. BÍLL, DJASS OG BANANI).




## VERKEFNI



1. Hvaða ár eignaðist Háskóli Íslands sína fyrstu tölvu?
2. Hvað þýðir lýsingarorðið þjáll?
3. Flettu upp orðinu völvu í orðabók og skrifaðu niður útskýringu á orðinu.
4. Af hverju heldur þú að orðið rafeindareiknir hafi ekki náð að festa sig í tungumálinu?
5. Flettu upp orðinu falskenning í orðabók.
  - a. Skrifaðu niður útskýringu á orðinu.
  - b. Finnst þér merking orðsins falskenning vera í einhverju samræmi við nýyrðið falsfréttir?
  - c. Heldur þú að falsfréttir geti haft áhrif á, t.d. kosningar eða skoðanir fólks á ákveðnum málefnum? Af hverju? Af hverju ekki?
6. Hvað telur þú vera gott við orð, eins og stuttbuxur, flugvél og ostaskeri?
7. Ræðið og útskýrið muninn á erfðaorðum, nýyrðum og tökuorðum með ykkar eigin orðum.







## ÁHRIFAVALDAR:

## HUGVITSMÆÐUR MEÐ HUGSJÓN



BOYAN SLAT ER UPPFINNINGAMAÐUR  
OG FRUMKVÖÐULL SEM HEFUR  
HELGAÐ SIG ÞVÍ AÐ HREINSA  
PLASTDRASL ÚR HEIMSHÖFUNUM.

1994

Þann 27. júlí fæddist drengurinn Boyan Slat í Delft í Hollandi. Hann fékk fljótt áhuga á að byggja, búa til og hanna flókna hluti og leysa ýmis verkfræðileg verkefni.

2011

Boyan fór með fjölskyldu sinni í frí til Grikklands. Hann hlakkaði mikið til að stunda köfun við strendurnar en varð fyrir miklum vonbrigðum. Í stað framandi fiska og sjávargróðurs var sjórinn fullur af plasti og öðru drasli. Boyan gat ekki hætt að hugsa um ástand sjávarins. Þegar hann kom heim til Hollands lagðist hann í mikið grúsk og rannsóknarvinnu um mengun í sjónum. Athygli hans beindist sérstaklega að aðgerðarleysi þjóða heimsins gagnvart ástandinu. Hann undraðist þá skoðun að ekkert væri hægt að gera til að bjarga málum.

2012

Óþrjótandi rannsóknir, vinna og einlægur áhugi Boyans skilaði árangri. Hann vildi breyta þróuninni og finna lausn á vandamálinu. Hann hannaði hreinsibúnað sem nýtti sjávarstraumana til að hreinsa upp plastdraslið í sjónum. Hann kynnti uppfinningu sína á TED-fyrirlestri í Delft. Fyrirlesturinn vakti gríðarlega mikla athygli og fólk um allan heim hvatti Boyan til dáða.

2013


Uppfinningin vakti heimsathygli. Boyan gerði hlé á námi sínu í geimverkfræði til að helga sig verkefninu. Hann stofnaði samtökin The Ocean Cleanup, til að þróa búnaðinn nánar. Samtökin eru ekki rekin í hagnaðarskyni, þ.e. Boyan græðir ekki fjárhagslega á vinnu sinni. Margir vísindamenn voru óvissir um gæði hreinsibúnaðarins. En með þrautseigju og prófunum í heilt ár tókst Boyan og teymi hans að sýna fram á að búnaðurinn virkar í raun og veru. Samtökin náðu að safna gríðarmiklum peningum á stuttum tíma til að halda verkinu áfram. Stuðningur barst frá 38 þúsund manns frá um 160 löndum.

2014-

The Ocean Cleanup samtökin hafa vaxið og dafnaði. Boyan nýtur nú ekki bara stuðnings almennings heldur hafa frumkvöðlar og uppfinningamenn um allan heim boðið fram aðstoð sína og þekkingu og vilja leggja sitt af mörkum. Hreinsun stendur yfir í Kyrrahafinu og Boyan og teymi hans vinna ötulllega að því að bæta og þróa tæknina svo vinna megi hraðar. Samtökin stefna á að minnka plastruð í Kyrrahafinu um helming fyrir árið 2025.

## VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

Árið 2014 var Boyan útnefndur *Baráttumaður Jarðarinnar* en það eru verðlaun sem Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna veitir ár hvert. Boyan var þá yngsti einstaklingur sem hafði hlotið þessi verðlaun. Árið 2015 tók hann við *Frumkvöðlaverðlaunum unga fólksins* frá Haraldi Noregskonungi. Tímaritið *Reader's Digest* nefndi Boyan sem *Evrópu-mann* ársins árið 2017. Árið 2018 var hann útnefndur frumkvöðull ársins í Evrópu.



AF HVERJU Á MENGUN SJÁVAR ERINDI VIÐ OKKUR ÖLL?  
Á HVERJU ÁRI ENDAR MEIRA OG MEIRA AF PLASTDRASLI  
HEIMSINS Í SJÓNUM. ÞAÐ HEFUR ALVARLEGRI ÁHRIF Á  
VISTKERFI HEIMSINS EN VIÐ GERUM OKKUR GREIN FYRIR.  
SELIR, FUGLAR OG AÐRAR LÍFVERUR SEM BÚA VIÐ SJÓINN  
VERÐA FYRIR EITURÁHRIFUM. FISKAR GLEYPA PLASTIÐ OG  
ÞAÐAN BERST ÞAÐ Í OKKUR ÞEGAR VIÐ BORÐUM FISKINN.



## VERKEFNI

1. Hvenær og af hverju kviknaði áhugi Boyans á ástandi sjávarins?
2. Hvað gerði Boyan þegar hann kom úr fríinu?
3. Hvaða atburður árið 2012 varð til þess að uppfinning Boyans kom fyrir augu fólks um allan heim?
4. Nefndu þrjú atriði sem breyttu lífi Boyans Slat árið 2013.
5. Hverju breytti það fyrir samtökin að ná að sýna fram á að hreinsibúnaðurinn virkaði með sannni?
6. Útskýrðu hugtakið *að vera ekki rekin í hagnaðarskyni* með þínum eigin orðum.
7. Hvert er markmið The Ocean Cleanup samtakanna?
8. Hvað getur þú gert til að styðja við markmið samtakanna?
9. Skoðaðu heimasíðu The Ocean Cleanup. Hvernig standa málin í dag? Hvernig gengur hreinsunin? Hefur hreinsibúnaðurinn breyst frá því að Boyan Slat hannaði fyrsta prufueintakið árið 2012?
10. Þér hefur verið falið að skrifa stutta frétt um samtökin The Ocean Cleanup á vef skólans. Útskýrðu tilgang og tilurð samtakanna. Finndu góða íslenska þýðingu á heiti samtakanna.




HREINNI  
SJÓR



MINNA  
PLAST!



## HVAÐ ER LÓFALESTUR?



Það er ævagamall leikur að lesa í lófa til að spá fyrir um framtíðina. Fyrstu heimildir um lófalestur er að finna á Indlandi. Þaðan barst hann víða um Asíu og að lokum til Evrópu. Þar breiddist lófaspá út með Rómavólki sem flakkaði um og stundaði m.a. spámennsku.

Best er að lesa í þá hönd sem er ríkjandi. Til að finna þá réttu er gott að spenna greipar og sjá hvor þumallinn lendir ofan á. Sá tilheyrir ríkjandi hönd og lesa skal í þann lófa. Fær lófalesari rýnir í allar línur lófans, stuttar og langar og ályktar spá sína út frá þeim. Hér verður þó aðeins fjallað um fjórar stærstu og mikilvægustu línurnar.

### HJARTALÍNAN GEFUR MYND AF TILFINNINGUM OG

### HJARTANS MÁLUM

Ef línan

- er löng og bogin þá áttu auðvelt með að tjá tilfinningar þínar.
- liggur samhliða höfuðlínunni og er nokkuð bein þá hefurðu góða stjórn á tilfinningum þínum.
- byrjar milli löngutangar og baugfingurs munt þú verða oft ástfangin/n.
- er stutt og frekar bein þá þarf mikið til að þú verðir ástfangin/n.
- snertir líflínuna þá átt þú eftir að upplifa ástarsorg.
- brotnar upp með öðrum litlum línunum merkir það tilfinningaleg áföll.

## HÖFUÐLÍNAN TÁKNAR VITSMUNI OG

## PERSÓNUEINKENNI

Ef línan

- er bein lýsir hún skipulögðum og hagsýnum persónuleika sem gengur í mál og lætur hluti gerast.
- er bein táknar það að þú hafir góða rökhugsun.
- er hlykkjótt er á ferðinni skapandi persónuleiki með sveigjanlegt og afslappað viðhorf til lífsins.
- er hlykkjótt átt þú erfitt með að halda athygli í langan tíma.
- er löng og skörp táknar það einbeittan vilja og skýr markmið.
- er óvenjulega stutt merkir það að þú vilt sjá árangur erfiðis strax frekar en til langs tíma.

## LÍFLÍNAN TÁKNAR LÍKAMLEGA HEILSU OG STÓR ÁFÖLL

## ÞÆ BREYTINGAR SEM HAFNA MIKIL ÁHRIF Á LÍF ÞITT

## SUMIR HALDA AÐ LENGÐ LÍNUNNAR SEGI TIL UM

## LÍFSLÍKUR EN ÞAÐ ER EKKI RÉTT

Ef línan

- er löng og skörp hefur þú mikla orku og lífskraft. Ef líflínurnar eru fleiri en ein táknar það sérlega mikinn kraft og lífsgleði.
- er stutt og dauf merkir það að þú látir aðra ráðskast of mikið með þig.
- er mjög bogin ert þú ákaflega orkumikil/l og full/ur af bjartsýni.
- byrjar alveg upp við þumalinn táknar það litla orku og þreytu.
- er mikið brotin upp af öðrum línum er líklegt að þú þurfir að takast á við breytingar er varða lífsstíl og heilsu á lífsleiðinni.

ÖRLAGALÍNAN SEGIR TIL HVAD ÞÉR

ER ÆTLAD Í LÍFINU

SUMIR Hafa ÞESSA LÍNU, AÐRIR EKKI.

Ef línan

- er djúp og skörp má segja að örlögin hafi mikið að segja um lífs-  
hlaup þitt.
- er brotin eða breytir um átt mun líf þitt verða viðburðaríkt og mikið  
um breytingar.
- byrjar við rætur líflínunnar merkir það að þú munir framkvæma  
mikilvæga og metnaðarfulla hluti á lífsleiðinni.
- byrjar undir líflínunni og krossar hana á leiðinni munu samskipti þín  
við annað fólk skipa veigamikinn sess í lífi þínu.
- snertir líflínuna á miðri leið muntu þurfa mikið á fjölskyldu þinni og  
vinum að halda og sömuleiðis verður leitað til þín eftir stuðningi og  
hjálp. Þú munt þurfa að færa fórnir en færð mikið til baka.

BJÖRT  
FRAMTÍÐ

## VERKEFNI



VITSMUNIR

1. Hver er tilgangur lófalesturs?
2. Er nóg að lesa bara í þessar fjórar línur?
3. Hvaða línu/línur á lófalesari að skoða ef hann vill sjá ...
  - a. hvernig eiganda lófans á eftir að vegna í ástarmálum?
  - b. hvernig lífshlaup hans mun verða?
  - c. hvernig týpa hann er?
4. Hvor höndin á þér er ríkjandi?
5. Lestu í lófa þinn. Hvað segja línurnar um þig?
6. Finndu tvo einstaklinga sem vilja láta lesa í lófa sinn.  
Skoðaðu línurnar og spáðu fyrir um framtíð og persónuleika.
7. Rómafólk kynnti Evrópubúum lófalestur. Lestu þér til um Rómafólk  
á Vísindavefnum. Gerðu hugarkort þar sem fram koma upplýsingar  
um uppruna, fólksfjölda, heimkynni, ofsóknir og tónlist.




ÉG SPÁI ...

ÖRLÖG



### 3. HLUTI



ÞEGAR ÞÚ VERÐUR SAUTJÁN ÁRA MÁTT ÞÚ  
KEYRA BÍL EF ÞÚ HEFUR FENGIÐ ÖKULEYFI.  
ÞÚ GETUR AÐEINS ÖÐLAST ÞETTA LEYFI EF  
ÞÚ FERÐ Í ÖKUNÁM SEM ER BÆÐI VERKLEGT OG  
BÓKLEGT. AÐ LOKUM VERÐUR ÞÚ AÐ STANDAST  
ÖKUPRÓF. ERT ÞÚ FARIN/N AÐ UNDIRBÚA ÞIG?

## ÁTTA SKREF Í ÁTT AÐ BÍLPRÓFI

Að vera treyst fyrir stjórn ökutækis er ekkert grín. Því fylgir ábyrgð. Ökunámið tekur tíma og það er mikilvægt að taka því alvarlega og gerir sitt besta. Auk þess þarf að gera ráð fyrir þeim kostnaði sem fylgir náminu. Það er því ekki seinna vænna að fara að kynna sér málið.

Um námið: Námið skiptist í bóklegan og verklegan hluta. Bóklega námið samanstendur af þremur námskeiðum: Ökuskóla 1, 2 og 3. Verklega námið fer fram með ökukennara á þar til gerðri kennslubifreið.

### 1. SÓTT UM LEYFI

Fyrsta skrefið í ökunáminu er að sækja um leyfi hjá sýslumanni. Það er gert með því að fylla út umsókn um ökuskírteini. Hana er að finna á vefnum [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).



## 2. KENNSLA HEFST

Næst þarf að hafa samband við ökukennara. Sá kennir á ökutækið og leiðir nemandann í gegnum allt ökunámið og prófið. Hann afhendir einnig ökunámsbók sem heldur utan um námsferilinn. Í hana eru skráðar upplýsingar um ökutíma, námskeið í ökuskóla og æfingaleyfi. Nemandi tekur að lágmarki 15 tíma hjá ökukennara.

## 3. Ö1

Fljótlega eftir að námið með ökukennaranum hefst þarf að taka fyrsta hlutann í bóklega náminu. Sá kallast Ökuskóli 1 (Ö1). Þar er farið yfir námsferlið, bílinn og búnað hans, helstu umferðarmerki og reglur. Nauðsynlegt er að klára Ökuskóla 1 áður en hægt er að sækja um æfingaakstur.

## 4. ÆFINGAAKSTUR

Sótt er um æfingaakstursleyfi til sýslumanns, það er þó ekki skylda. Sumir kjósa að vera eingöngu hjá ökukennara í sínu námi. Áður en sótt er um æfingaakstursleyfi þarf að ljúka a.m.k. 10 tímum með ökukennara og klára Ökuskóla 1. Einnig þarf að finna sér leiðbeinanda sem er eldri en 24 ára og hefur haft bílpróf í a.m.k. 5 ár. Auk þess þarf stimpil frá tryggingafélaginu, sem tryggir bílinn sem æft er á. Sá stimpill staðfestir að bíllinn sé í lagi og vel tryggður. Þegar allt er klárt er hægt að hefja æfingaaksturinn með leiðbeinandanum. Fleiri en einn geta tekið að sér það hlutverk. Mikilvægt er að hafa ökunámsbókina alltaf með í bílnum.

## 5. Ö2

Þegar nemandinn hefur náð góðum tókum á akstrinum og öðlast öryggi er kominn tími á að reyna við annan þátt bóklega hlutans, Ökuskóla 2. Þar er fjallað ítarlega um umferðarlög og umferðarmerki ásamt öðru sem mikilvægt er að ökumenn séu með á hreinu. Verklega kennslan heldur áfram samhliða.

## 6. Ö3

Þegar nemandi hefur lokið Ö1 og Ö2 og a.m.k. 12 tímum hjá öku-kennara er komið að Ökuskóla 3. Hann fer fram í svokölluðu ökugerði (æfingasvæði) og er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur nýta sér tækni til að upplifa og sjá ýmsar aðstæður sem geta komið upp við akstur. Auk þess fá þeir leiðsögn og æfingu í að bregðast við óvæntum aðstæðum. Einnig er farið vel yfir öryggisbúnað bílsins.

## 7. SKRIFLEGT OG VERKLEGT PRÓF

Þegar hér er komið sögu metur ökukennari hvort og hvenær nemandi er tilbúinn í próf. Bóklega prófið má taka allt að tveimur mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn. Það samanstendur af 30 krossaspurningum þar sem fleiri en eitt svar geta verið rétt. Verklega prófið fer fram með sérstökum prófdómara, á þeirri bifreið sem nemandi hefur lært á. Það má fara fram í fyrsta lagi tveimur vikum fyrir afmælisdag nemanda. Prófið er bæði munnlegt og aksturspróf. Í aksturshlutanum ekur nemandinn í um 30 mínútur og hlýðir fyrirmælum prófdómara. Í munnlega hlutanum spyr prófdómari út í atriði eins og öryggisbúnað, hemla, spegla og mæla svo eitthvað sé nefnt.

## 8. ÖKULEYFIÐ Í HÖFN

Þegar nemandi hefur náð prófinu fær hann afhent bráðabirgðarökuskrírteini sem gildir þar til hefðbundið ökuskrírteini hefur verið útbúið. Það tekur yfirleitt nokkra daga. Ökumaður má þó ekki hefja akstur án leiðbeinanda fyrr en 17. afmælisdagurinn rennur upp.

## HVER ER LÁGMARKSKOSTNAÐUR VIÐ ÖKUNÁM?

Verkleg kennsla m.v. 15 ökutíma	150.000 kr.
Ökuskóli 1	11.500 kr.
Ökuskóli 2	11.500 kr.
Ökuskóli 3 (Ökugerði)	39.600 kr.
Bóklegt próf	4.000 kr.
Verklegt próf	10.000 kr.
Samtals	<b>226.600 krónur</b>


VERÐDÆMIÐ HÉR Á UNÐAN ER TIL VIÐMIÐUNAR  
OG REIKNAD ÚT FRÁ VERÐLAGI 2019. VERÐ  
Á VERKLEGRI KENNSLU GETUR VERIÐ MISJAFNT  
MILLI KENNARA OG ÖKUSKÓLA.VERÐ Á  
ÖKUSKÓLA 1, 2 OG 3 GETUR BREYST MILLI ÁRA.



## VERKEFNI

1. Hvað þarftu að gera ráð fyrir að það kosti þig að fá ökuleyfi?
2. Hvaða umsókn þarf að fylla út til að geta hafið ökunám?
3. Hvert er hlutverk ökukennara? Nefndu þrennt.
4. Hvert er hlutverk ökunámsbókarinnar? Hvað á að skrá í hana?
5. Nefndu fjögur skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá æfingaakstursleyfi.
6. Hvenær í ferlinu mátt þú fara í Ökuskóla 3?
7. Nemandi ákveður að taka ökuþróf eftir 14 tíma með ökukennara. Gengur það upp? Af hverju? Af hverju ekki?
8. Í textanum er talað um bóklegt og verklegt nám. Hvað merkja þessi hugtök? Útskýrðu með þínum eigin orðum.
9. Af hverju ætli Ökuskóli 3 sé mun dýrari en hinir sem á undan koma?
10. Í textabrotinu hér á eftir er farið rangt með sex staðreyndir um bílprófsferlið. Leiðréttu textann. Þú finnur réttar upplýsingar í lestextanum *Átta skref í átt að bílprófi*.

TÍUMÍNÚTUR Í TVÖ



Þú mætir í verklega ökuþrófið tveimur mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn þinn. Þú greiðir 14.000 krónur fyrir að fá að þreyta prófið. Þú hittir prófdómara sem býður þér inn í prófbílinn sinn. Þú ferð eftir fyrir mælum prófdómarans og keyrir í nokkra klukkutíma. Í lok munnlega hlutans spyr dómari þig út í skólagöngu þína og áhugamál. Þú færð bráðabirgðaökuskírteini í hendur og keyrir heim.



ÖKUSKÍRTEINI  
→

# RÓMANTÍK Í MÁLFRÆÐI



ÞAÐ ER FÁTT EINS RÓMANTÍSKT OG MÁLFRÆÐI.  
EKKI SANNFÆRANDI?

Þessi ljóð eftir Ásgrím Inga Arngrímsson úr bókinni *Kveðið sér ljóðs* munu örugglega sannfæra þig.

## SETNINGIN UM OKKUR

Þegar setningin

um okkur

var kvíslgreind

með tilheyrandi

erfiðismunum

kom í ljós að hún var

alltof löng

og það hefði mátt

setja punktinn

miklu,

miklu

fyrir.



ÞÚ

Þú hefur opnað augu mín

fyrir bráðri nauðsyn

fallegra lýsingarorða

og nú loksins sé ég tilganginn

með efsta stiginu.

SÖNN ÁST

ÞÚ

## VERKEFNI

ÞÚ + ÉG

1. Um hvað er höfundur að yrkja í ljóðinu „Setningin um okkur“? Í hvað vísar setningin?
2. Hvernig heldur þú að ljóðmælanda líði í ljóðinu „Setningin um okkur“? Rökstyddu með því að vísa í ljóðlínur svari þínu til stuðnings.
3. Hvað meinar höfundur með því að segja að það hefði mátt setja punktinn miklu, miklu fyrr?
4. Hvernig líður ljóðmælanda í ljóðinu „Þú“? Rökstyddu með því að vísa í ljóðlínur.
5. Spreyttu þig! Hugsaðu um alla þá kunnáttu sem þú hefur nú þegar sankað að þér í málfræði, öll málfræðiheitin sem gefa þér möguleika á því að snúa út úr og breyta merkingu þeirra. Nýttu þennan innblástur til að yrkja ljóð.



RÓMÓ

RÓMANTÍSKT





## ÆTTARBÖND

Þú gerðir allt sem þú gast til að komast hjá því að mæta á þetta ættarmót. En það var erfitt að halda því til streitu að þykjast handleggsbrotin/n þegar tölvan var annars vegar og mamma þín var fljót að sjá í gegnum lygina.

Þess vegna ertu á ættarmóti í Húnaþingi ásamt fjögur hundruð öðrum, sem flestir teljast til skyldmenna þinna. Þú þekkir Heklu frænku og Burkna frænda og þú veist að amma Lína er væntanleg, því þú heyrðir Hrafn móðurbróður segja það.

Þú ert líkast til búin/n að hrista spaðann á um þriðja tug fólks. Ættingja sem segist vera ömmusystir þín, mágur ömmusystur þinnar, svili frænku þinnar, þremmenningur þinn og fjórmennningur.

Á leiðinni inn í tjaldvagn rifjar þú upp öll fjölskylduorð sem þú manst eftir.



Inni í tjaldvagninum flettir þú upp á netinu öllum nýju orðunum og ferð aftur inn í veislusalinn, með allt á hreinu ... eða svona næstum því.

Þremmenningur og fjórmennningur segir til um hversu mikið þú ert skyld/ur einhverjum. Þú átt sömu langömmu og/eða langafa og þremmenningur þinn, þið eruð skyld í þriðja ættlið. En sömu langalangömmu og/eða langalangafa og fjórmennningur þinn, þið eruð skyld í fjórða ættlið. Tvímenningar eru skyldir í öðrum ættlið og eru því systkinabörn.

ÖMMUSYSTIR OG ÖMMUBRÓÐIR  
ERU SYSTIR OG BRÓÐIR ÖMMU ÞINNAR.  
AFASYSTIR OG AFABRÓÐIR ÞÁ SYSTKINI  
AFA ÞÍNS EÐA ÞESS SEM RÆTT ER UM.

SYSTURSONUR ER SONUR  
SYSTUR ÞESS SEM RÆTT ER VIÐ EÐA  
UM. SYSTURDÓTTIR ER DÓTTIR  
SYSTUR ÞESS SEM RÆTT ER UM.

MÁGUR ER KARLMÆÐUR  
SEM ER MAKI SYSTUR EÐA  
BRÓÐUR ÞESS SEM RÆTT  
ER UM. MÁGUR ER EINNIG  
BRÓÐIR MAKA ÞÍNS.

MÁGKONA ER KVENMÆÐUR  
SEM ER MAKI BRÓÐUR EÐA SYSTUR  
ÞESS SEM RÆTT ER UM. MÁGKONA  
ER EINNIG SYSTIR MAKA ÞÍNS.

SVILI ER KARLMÆÐUR  
SEM ER Í SAMBANDI MEÐ  
SYSTUR EÐA BRÓÐUR MAKA  
ÞESS SEM RÆTT  
ER UM.

MÓÐURBRÓÐIR OG  
MÓÐURSYSTIR ERU  
BRÓÐIR OG SYSTIR  
MÖMMU ÞINNAR.

SVILKONA ER  
KVENMÆÐUR SEM ER  
Í SAMBANDI MEÐ BRÓÐUR  
EÐA SYSTUR MAKA ÞESS  
SEM RÆTT ER UM.

BRÓÐURSONUR ER SONUR  
BRÓÐUR ÞESS SEM RÆTT ER VIÐ EÐA  
UM. BRÓÐURDÓTTIR ER DÓTTIR  
BRÓÐUR ÞESS SEM RÆTT ER UM.

MINN KÆRI  
FRÆNDI

FÖÐURBRÓÐIR  
OG FÖÐURSYSTIR  
ERU BRÓÐIR OG SYSTIR  
PABBA ÞÍNS.

TENGDADÓTTIR ER KONA SONAR  
EÐA DÓTTUR ÞESS SEM UM ER RÆTT OG  
TENGDASONUR ER MÆÐUR DÓTTUR  
EÐA SONAR ÞESS SEM RÆTT ER UM.

TENGDAFADIR  
ER FADIR MAKA ÞESS  
SEM UM ER RÆTT OG  
TENGDAMÓÐIR ER  
MÓÐIR MAKA ÞESS SEM  
RÆTT ER UM.

AFI ÖRN  
(pabbi mömmu)

MÓÐURAFI


LÓA  
(systirafa)

SVANUR  
(bróðir afa)

LUBBI  
(hundur)

AFASYSTIR

AFABRÓÐIR



SPÓI  
(bróðir Erlu)




HAWK EAGLE  
(kærasti Spóa)

-- búu í Kanada

DÚFA  
(mamma mín)

MÁGUR ÞRÁSTAR

SVILI ÞRÁSTAR



FÁLKI  
(sonur þræstar og Erlu)


ERLA  
(kona bróður mins)

ÞRÖSTUR  
(bróðir minn)

MÓÐIR

FAÐIR

KRÍA  
(dóttir þræstar og Erlu)



BRÓÐURSONUR

MÁGKONA

BRÓÐIR

KRUMMI  
(ég)





AMMA RÓSA  
(mamma þabba)



FÖÐURAMMA

FJÓLA  
(systir ömmu)



ÖMMUSYSTIR

BURKNI  
(bróðir ömmu)



ÖMMUBRÓÐIR

SMÁRI  
(þabbi minn)

BÍBÍ  
(pófaugukur)


ARFI  
(bróðir Fífils)

MÁGUR SÓLEYJAR

SÓLEY  
(systir mín)

FÍFILL  
(maðursystur minnar)


SÓLDÖGG  
(kærasta Arfa)



SYSTIR

MÁGUR

SYSTURSONUR




SVILKONA SÓLEYJAR

BLÍÐA  
(hundur)

STÓRFJÖLSKYLDA KRUMMA

# ÆTTARTRÉ



## VERKEFNI





- Skoðaðu vel ættartréð hér fyrir ofan. Svaraðu spurningunum út frá persónunni sem heitir Krummi.
  - Hvað heita foreldrar hans?
  - Hvernig er Klara tengd Krumma?
  - Hvað heita systkini Krumma?
  - Hvað heitir móðurbróðir hans?
  - Hvað heitir föðursystir hans?
  - Hvað heitir mágur pabba hans?
  - Hvað heitir svili Klöru?



FÖÐURSYSTIR

ÞREMNINGUR



- h. Hvernig eru Krummi og Björk skyld?
  - i. Hvað heitir afasystir hans í móðurætt?
  - j. Hvernig er Þóra skyld honum?
  - k. Hvernig eru Ægir og Krummi skyldir?
  - l. Hvað heitir bróðursonur Krumma?
2. Sumum er illa við orðin stjúpmóðir og stjúpa, finnst þau hafa fengið neikvæða merkingu, t.d. í Grimms ævintýrum.
- a. Hvað finnst þér?
  - b. Finndu annað orð eða búðu til orð sem getur passað fyrir hlutverk stjúpmóður og/eða stjúpföður.



ÖMMUBRÓÐIR



## HVAÐ ERU PENINGAR

## OG HVERNIG Á AÐ FARA MEÐ ÞÁ?



### HVAÐ SEGIR ORÐABÓKIN? ←

Peningur er gjaldmiðill sem almennt er tekið við sem greiðslu á skuld og fyrir selda vöru og þjónustu. Hlutverk peninga er þrjúþætt:

1. **Mælikvarði** á verðmæti.
2. **Tæki** til að varðveita verðmæti.
3. **Gjaldmiðill** til að greiða skuld.

Þær eignir sem teljast til peninga á Íslandi eru seðlar, skiptimynt og veltiinnlán, þ.e. innstæður í lánastofnunum sem unnt er að ávísa á, t.d. með greiðslukortum.

## HVERNIG EIGNAST MAÐUR PENINGA?

Hægt er að eignast peninga með ólíkum leiðum. Algengast er þó að stunda einhvers konar vinnu í skiptum fyrir peninga sem kallast þá laun. Launin miðast við kjarasamninga en þeir eru samkomulag milli stéttarféлага og atvinnurekanda um ákveðin lágmarkslaun. Atvinnurekandi má þá ekki borga lægri laun en kjarasamningur segir til um. Unglingar geta sótt um störf, eins og garðyrkju- og þjónustustörf eftir 14 ára aldur. Einstaklingar verða fjárráða 18 ára og eftir það ráða þeir sjálfir yfir fjármálum sínum og bera þar með fulla ábyrgð á þeim.

## HEILDARLAUN OG ÚTBORGUÐ LAUN – HVER ER MUNURINN?

Heildarlaun er sú krónutala sem kemur fram á launaseðli. Upphæðin sem birtist á bankareikningi og kallast útborguð laun er þó mun lægri. Það er vegna þess að atvinnurekandi ber skylda til að draga ákveðna upphæð af launinum áður en þau eru greidd til starfsmanns/launþega. Peningurinn hverfur þó ekki.

- Hluti fer inn á lífeyrissparnað launþegans.
- Hluti er staðgreiðsla skatta.

- Hluti greiðist sem félagsgjald til stéttarfélags sem launþegi tilheyrir.

Peningaupphæðin sem eftir stendur og starfsmaður fær útborgaða kallast ráðstöfunartekjur. Þeim getur launþeginn ráðstafað að vild t.d. í uppihald, sparnað og fleira.

## LÍFEYRISSJÓÐUR

Á Íslandi eiga allir að greiða hluta af launum sínum í lífeyrissjóð. Tilgangurinn er að safna sjóði sem einstaklingur getur notað þegar hann eldist og hættir að vinna. Einstaklingur þarf að fylgjast með hvort greiðslur frá atvinnurekanda skili sér örugglega í sjóðinn.


## HVERNIG NOTAR MAÐUR PENINGA?

Peningar eru til ýmissa nota. Fyrst og fremst tryggja þeir fólki helstu nauðsynjar eins og matvöru, húsnæði, hreinlætisvörur, fatnað, samgöngur og margt fleira. Einnig er vinsælt að nota peninga til að sanka að sér alls konar hlutum eða veita sér upplifun eða skemmtun.

Hægt er að greiða fyrir vörur eða þjónustu ýmist með seðlum eða smápeningum en nú á dögum er algengast að viðskipti fari fram með greiðslukortum eða bankamillifærslum.

## GREIÐSLUKORT

Það eru til tvær tegundir af greiðslukortum, debetkort og kreditkort. Þegar einstaklingur greiðir með debetkorti er fjárhæð millifærð beint af bankareikningi hans yfir á reikning þess sem verslað er við. Einungis er hægt að versla ef peningur er til á reikningi. Þegar greitt er með kreditkorti fær einstaklingur lánaða peninga hjá kortafyrirtæki til að kaupa vöru eða þjónustu. Kortafyrirtækið greiðir seljanda vörunnar eða þjónustunnar strax en einstaklingurinn greiðir lánið til baka strax um næstu mánaðamót.



## LÁN

Hægt er að fá lánaða peninga. Það gerir fólk þegar það á ekki fyrir því sem það er að kaupa. Skiptar skoðanir eru á því hvort peningalán sé skynsamur kostur. Þegar einstaklingur (lántaki) tekur lán er gerður lánasamningur milli hans og lánveitanda (yfirleitt banki eða önnur lánastofnun). Með því að skrifa undir samninginn lofar lántaki að borga peninginn til baka ásamt vöxtum. Það er mikilvægt að standa við slíka samninga og borga á réttum tíma því annars getur farið illa.

Lánnum er hægt að skipta í tvo grunnflokka: skammtímalán og langtímalán.

Skammtímalán kallast það þegar einstaklingur fær lánaða peninga og ætlar að greiða þá til baka á stuttum tíma. Endurgreiðslutíminn getur verið allt frá nokkrum dögum upp í nokkur ár. Slík lán eru stundum kölluð neyslulán enda oftast en ekki ætluð til að fjármagna kaup á raf-tækjum, húsgögnum, bílum og ferðalögum.

Dæmi um skammtímalán: Yfirdráttur á debetreikningi, kreditkort, bílalán og raðgreiðslur.

Langtímalán nýtist þegar fólk þarf á miklum peningum að halda og kýs að borga lánið í smáum skömmtum á mörgum árum. Oft og tíðum er um svo háar upphæðir að ræða að fólk reynt erfitt að leggja fyrir slíka upphæð á fáum árum. Langtímalán má greiða til baka á allt að 40 árum og nýtist helst þegar fólk kaupir sér heimili eða leggur í aðrar stórar fjárfestingar. Dæmi um langtímalán: Námslán og húsnæðislán.

## ER LÁN OF GOTT TIL AÐ VERA SATT? EKKI GLEYMA VÖXTUM!

Lántakandi þarf að greiða nokkurs konar leigu fyrir þá peninga sem hann fær að láni. Sú leiga kallast vextir. Þeir eru misháir og því mikilvægt fyrir lántakanda að kynna sér vel hversu mikla vexti þarf að borga fyrir hvert lán. Þetta þýðir að lántaki þarf að borga meira til baka en hann fékk lánað. Lán er því ekki lausn sem á að nýta sér nema nauðsyn krefji. Það er dýrt að taka lán! Ef lántaki gleymir eða getur ekki greitt af láni á réttum tíma bætast við dráttarvextir. Slíkir vextir eru yfirleitt mjög háir og því mikilvægt að standa í skilum.

## SPARAÐU!



ÞAÐ ER SKYNSAMLEGT AÐ SPARA.

Að spara merkir að takmarka eyðslu sína og neyslu í því skyni að safna peningasjóðum til að nota síðar. Þá er hluti af ráðstöfunartekjum hvers mánaðar settur til hliðar og geymdur á öruggum stað, t.d. í sparibauk, á sparireikning í banka eða með kaupum á fasteign eða verðbréfum svo eitthvað sé nefnt.

Sparnaður getur ýmist verið skammtíma- eða langtímasparnaður.

Skammtímasparnaður getur bæði verið varasjóður sem hægt að að grípa til ef eitthvað óvænt kemur upp á og neyslusjóður sem nær yfir kaup á ódýrari hlutum.

Langtímasparnaður hentar þeim sem eru að spara fyrir stærri hlutum eins og bílprófi, bíl, námi eða húsnæði. Greiðsla í lífeyrissjóð er langtímasparnaður.

## SPARNAÐUR ER AF HINU GÓÐA. EKKI GLEYMA VÖXTUM!

Einstaklingur fær borgað fyrir að geyma peningana sína á bankareikningi. Þessi gróði kallast vextir og bætist við sparnað einstaklings á hverju ári. Vextirnir eru misháir og því mikilvægt að fólk skoði vel hvaða vextir eru í boði hjá bönkum og hvaða sparnaðarleið hentar best.

**INNLAÐSVEXTIR:** PENINGAR SEM LEGGJAST OFAN  
Á SPARNAÐ SEM GEYMDUR ER Á BANKAREIKNINGI.

**ÚTLAÐSVEXTIR:** PENINGAR SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GREIÐA  
AUKALEGA EF ÞÚ TEKUR LÁN.

**DRÁTTARVEXTIR:** PENINGAR SEM LEGGJAST OFAN  
Á MÁNAÐARLEGA GREIÐSLU AF LÁNI EF ÞÚ GREIÐIR  
EKKI Á RÉTTUM TÍMA.

## VERKEFNI

1. Í textanum er urmull orða sem þú þarft að skilja til fulls til að ná innihaldi textans. Gerðu þínar eigin orðskýringar.



- a. Gjaldmiðill
- b. Skiptimynt
- c. Fjármál
- d. Ábyrgð
- e. Ráðstöfunartekjur
- f. Neysla
- g. Að sanka að sér
- h. Lántaki
- i. Lánveitandi
- j. Vextir
- k. Eyðsla
- l. Sparnaður/að spara



Bættu við þeim orðum sé þér finnst vanta í listann.

2. Umræður

- a. Hvað er átt við þegar sagt er að peningar séu mælikvarði á verðmæti?
- b. Það er hægt að eignast peninga með því að vera launþegi á vinnustað. Hvernig eignast fólk peninga með öðrum leiðum? Nefnið dæmi.
- c. Allir eiga að greiða tekjuskatt til ríkis og sveitarfélaga. Til hvers? Hvernig nýtist sá peningur? Vísbending: Hvernig er nám þitt í grunnskóla fjármagnað?
- d. Á Íslandi verða allir launþegar að greiða í lífeyrissjóð. Af hverju ætli það sé?






Kr.



- e. Skapa peningar hamingjuna? Hver er ykkar skoðun?
  - f. Hvað er mikilvægt að hafa í huga þegar maður ákveður að fá sér kreditkort?
  - g. Eru lán skynsamur kostur? Finnið rök með og á móti.
  - h. Hver er munurinn á innlásvöxtum, útlásvöxtum og dráttarvöxtum?
  - i. Hvað er átt við þegar sagt er að einstaklingur beri fulla ábyrgð á fjármálum sínum þegar hann verður fjárráða?
3. Þú sækir um fullt starf hjá matvöruversluninni Snakkmeti. Þú ferð í atvinnuviðtal og færð að vita að launin eru 250.000 kr. á mánuði. Þú mátt byrja strax.
- a. Það er aldeilis frábært því þig vantar einmitt þá upphæð til að geta keypt þér bíl. Getur þú keypt bílinn strax á fyrsta útborgunardeggi? Af hverju?/Af hverju ekki?
  - b. Þig langar að byrja strax að borga í lífeyrissjóð og safna til elliáranna. Hvernig ferðu að því?
  - c. Þú ert að grúska á netinu og sérð að verslunin Snakkmeti borgar þér lægri laun en leyfilegt er. Hvar er slíkar upplýsingar að finna?
4. Hvað er lán? Útskýrðu með þínum eigin orðum.
5. Berðu saman lán og kreditkort? Hvað er líkt og hvað er ólíkt?
6. Hvað getur þú gert til að sleppa við að taka lán?
7. Nefndu nokkrar góðar leiðir til spara.





## KETTIR – Í LJÓSI SÖGUNNAR

Það er kúnst að hlusta á langan fyrirlestur og meðtaka það sem sagt er. Virka hlustun er þó hægt að æfa og í því felst þetta verkefni.

Á Rás 1 er að finna fræðandi og skemmtilega þætti sem heita *Í ljósi sögunnar*. Þættina er einnig hægt að nálgast á vinsælu hlaðvarpi undir sama nafni.

Í einum þætti fór Vera Illugadóttir, þáttastjórnandi, yfir sögu katta.

Í þættinum er fjallað um sögu sambúðar katta og manna. Fjallað er meðal annars um nýjustu kenningar um upphaf kattahalds, kattatrú Forn-Egypta, hryllilegar kattapyntingar sem tíðkuðust til skemmtunar í Evrópu fyrir örfáum öldum og fyrsta köttinn í geimnum.

Byrjaðu á því að lesa yfir spurningarnar. Hlustaðu á þáttinn og nýttu tækifærið þegar lagstúfar koma inn á milli til að leysa verkefnið. Lagstúfarnir eru mjög stuttir og það getur verið þjóðráð að gera hlé á þeim stöðum til að hafa lengri tíma fyrir verkefnið.



## VERKEFNI

1. Hvaða merkilegu uppgötvun gerðu frönsku fornleifafræðingarnir sem rannsökuð 9500 ára gamlar grafir á Kýpur?

MJÁ

2. Hvað gat villikötturinn í korngeymslunni étið?
3. Villikattartegundin „*Felis silvestris lybica*“ kemur við sögu í þættinum. Hvað er merkilegt við þessa tegund?
4. Kötturinn fer sínar eigin leiðir. Hvernig lýsir það sér í þættinum?

MJÁ MJÁ MJÁ

5. Hver var Bastet eða Bast?
6. Af hverju kölluðu Forn-Egyptar ketti „Mau“?

MJÁ MJÁ

7. Hvað var merkilegt við borgina Bubastis?
8. Hvað gerðist ef fólk drap kött í Forn-Egyptalandi, jafnvel þó svo að það hafi verið fyrir slysi?



9. Hvað gerðu Forn-Egyptar ef köttur dó eðlilegum dauðdaga inni í húsi?
10. Hvernig nýttu Persar ketti í stríði við Egypta, skv. riti um hernaðarlistir?
11. Er líklegt að sagan um hermennina sé sönn? Rökstyddu svar þitt.

MJÁ MJÁ MJÁ


12. Hvað var merkilegt við rannsóknina á kattarkúpunum og kattarbeinunum í Kína?

13. Hvernig nýttu rómverskar hersveitir sér ketti?

MJÁ MJÁ



14. Hver var kötturinn Muezza?



15. Hvað voru kettir að passa upp á í hinum íslamska heimi skv. þáttarstjórnanda?

16. Hvernig varð kötturinn til skv. ritum Al-Damiri?

MJÁ MJÁ MJÁ

17. Hvaða tvær kenningar útskýra af hverju kettir voru hataðir á miðöldum í Evrópu og fengu það óorð á sig að vera djöfullegir?

MJÁ MJÁ



18. Lýstu því hvernig hin svokallaða skemmtun var sem franskir konungar buðu upp á um miðja 16. öld.

19. Hvað gerðu franskir krakkar á vorhátíðinni í Semur?

20. Af hverju þótti ekkert óeðlilegt við grimmdarleg dráp prentsveinanna á öllum köttum prentarans?

MJÁ

21. Hvernig komust kettir til Íslands?

22. Nefndu a.m.k. þrjú örnefni sem eru kennd við ketti og talin upp í þættinum.

23. Í einni Íslendingasögu má lesa heilan kafla þar sem kettir koma mikið við sögu. Hvaða saga er það?

MJÁ MJÁ MJÁ


24. Hvers lenskur var fyrsti hundurinn sem fór um sporbaug Jarðar?

25. Hvað fólst í æfingaferlinu sem frönsku villikettirnir fóru í gegnum til að skera úr um hvort þeir væru hæfir fyrir geimferðir?

26. Lýstu með þínum orðum hvernig fyrsta geimferð kattar gekk?

MJÁ MJÁ MJÁ

27. Grúskaðu þegar þú hefur lokið við að hlusta á þáttinn: Hvað er skoffín og hvað er skuggabaldur?



## ÁHRIFAVALDAR: BLÓÐUG BARÁTTA

Amika George er 19 ára háskólanemi við háskólann í Cambridge. Hún er aðgerðarsinni og baráttukona sem undanfarin ár hefur stýrt herferðinni #FreePeriods. Eftir að Amika komst að því að fjöldi unglingsstúlkna í Bretlandi sleppti því að mæta í skóla á meðan á blæðingum stóð, af því að þær höfðu ekki efni á að kaupa sér dömubindi eða túrtappa, ákvað hún að láta sig málið varða. Hún nýtti samfélagsmiðla til að vekja athygli á málinu og skipulagði fjölmenn mótmæli í London þar sem þess var krafist að slíkar hreinlætisvörur yrðu aðgengilegar á skólasalernum landsins.



### HVAÐ VARÐ TIL ÞESS AÐ ÞÚ HÓFST HERFERÐINA?

Ég las blaðagrein sem gerði mig orðlausa. Greinin fjallaði um fátækt í Bretlandi og m.a. var bent á að stúlkur frá fátækum heimilum hefðu ekki efni á dömubindum eða túrtöppum. Þær slepptu oft skóla í stað þess að eiga á hættu að lenda í vandræðalegum aðstæðum. Ég varð brjáluð! Ég meina, hvernig stendur á því að svona gerist í ríku landi eins og okkar? Ég ákvað að hefja undirskriftasöfnun til að hvetja forsætisráðherra okkar, Theresu May, að skaffa ókeypis dömubindi sem hægt væri að nálgast í skólum.

### HVERS VEGNA SKIPTIR ÞETTA ÞIG SVONA MIKLU MÁLI?

Einfaldlega vegna þess að þetta er ósanngjarnt. Þetta er enn ein hindrunin í baráttu kvenna fyrir jafnrétti. Það er ekki eins og við höfum val um það hvort við förum á túr eða ekki. Engin stelpa ætti að missa úr skóla bara vegna þess að hún á ekki dömubindi eða túrtappa. Og engin stelpa á að þurfa að mæta í skólann og hafa áhyggjur af því að það blæði í gegn fyrir framan alla bara af því að hún á ekki pening! Þetta er fáránlegt og ósanngjarnt. Blæðingar eru ekki feimnismál. Og þær eru heldur ekki vandamál kvenna. Ég vil að ríkisstjórnin sjái til þess að allar stúlkur hafi aðgang að þeim hreinlætisvörum sem þær þurfa.

## HVAÐA HINDRUNUM HEFUR ÞÚ MÆTT Í BARÁTTU ÞINNI?

Mesta hindrunin er án efa þöggunin um blæðingarnar sjálfar. Fólk fer yfirleitt í klessu þegar einhver minnst á blæðingar. Aðallega karlmenn sem roðna og svitna þegar einhver nefnir túr og forðast umræðu um blæðingar eins og heitan eldinn. Líklega finnst þeim málið ekki koma sér við. Kannski er það vegna þess að konur eru heldur ekki duglegar að ræða blæðingar, ekki einu sinni sín á milli. Við hvíslum um þær og forðumst að tala opinskátt um líðan okkar. Við þurfum að breyta orðræðunni um blæðingar og brjóta niður fordóma og tepruskap. Við mótmælum því að eðlileg líkamsstarfsemi kvenna komi í veg fyrir að þær nái markmiðum sínum. Og gleymum því aldrei að blæðingar eru magnað fyrirbæri sem gerir kvenlíkamann stórkostlegan. Segjum öllum frá því! Takið þátt í herferðinni.

*Viðtalið er samið upp úr greininni „Period Poverty“, sem birtist í tímaritinu Vouge 19. des. 2017*

Á TÚR

### VERKEFNI

1. Hvað er #FreePeriods?
2. Hvað kveikti baráttuanda Amiku?
3. Amiku finnst þetta ósanngjarnt. Hvað er ósanngjarnt?
4. Hver á að sjá til þess að jafnrétti sé náð í þessum málum?
5. Hvernig hefur Amiku gengið að vekja athygli á málinu? Hefur hún lent í vanda?
6. Eru blæðingar feimnismál? Af hverju?/Af hverju ekki?
7. Stelpur eiga ekki að þurfa að borga sjálfar fyrir hreinlætisvörur er tengjast blæðingum. Ertu sammála? Eða ekki? Færðu rök fyrir máli þínu.
8. Hefur baráttumál Amiku náð til Íslands? Þekkir þú einhver dæmi um staði á Íslandi þar sem dömubindi og/eða túrtappar eru fáanlegir án greiðslu?



AFRAM  
STELPUR!



EKKERT  
FEIMNISMÁL!





## HVERS VIRÐI ER HÖFUNDARRÉTTUR?

Höfundarréttur gefur höfundi rétt til að ákveða hvað verður um verk hans eftir að það er afhjúpað. Hann ræður hvort einhver annar fái að nota verkið hans, í breyttu formi eða óbreyttu. Ef hann ákveður að einhver fái að nota verkið þá ræður hann hvort nafnið hans eigi að koma fram.

Í orðabók er orðið höfundarréttur skilgreint svona:

höfundar-réttur,

höfunda-réttur KK lögfr.

- réttur höfundar til (hug)verks síns, þ.e. réttur til að ráða nýtingu þess, að verki sé ekki breytt án samþykkis höfundar og að hans sé getið þegar verkið er birt (nær til bókmennta og hvers konar listaverka, teikninga, líkana, tölvuforrita o.fl.)

Það er auðvelt að skoða höfundarrétt með bókmenntir í huga. Við vitum að ekki er í lagi að ljósrita útkomnar bækur og selja úti á götuhornum eða gefa í afmælisgjafir. Eins er ekki í lagi að lesa upp bók og senda út á hlaðvarpi eða í útvarpi nema með leyfi höfundar. Ekki má heldur nota hluta eða heild af bókmenntaverki og setja inn á netið, til dæmis sem bloggfærslur, án þess að höfundur hafi veitt leyfi. Þegar bók er tekin út af bókasafni þá fær höfundur bókarinnar greiðslu fyrir lánið. Í stuttu máli þá á höfundur textann sem hann skrifaði og engum er leyfilegt að nota hann, hvorki til ágóða né ánægju, nema með samþykki og yfirleitt greiðslu til höfundar.

Höfundarréttur er líka mjög skýr þegar kemur að kvikmyndum og þátta-gerð. Kvikmyndahús geta til dæmis ekki bara hlaðið niður kvikmyndum af netinu eða keypt myndir á DVD-diskum og sýnt í kvikmyndahúsum. Eigendur kvikmyndahúsa kaupa rétt til að sýna myndirnar og selja inn á sýningarnar. Sama á við um sjónvarpsþætti. Netveitur og sjónvarpsstöðvar þurfa að kaupa réttinn til að sýna efnið sem þær veita neytendum aðgang að. Annað væri brot á höfundarréttinum.

## VERKEFNI



1. Útskýrðu með þínum eigin orðum hvað felst í höfundarrétti.
2. Hvað er hlaðvarp?
3. Hvernig getur það skaðað rithöfund ef einhver aðdáandi ákveður að lesa upp bók eftir hann og senda út á hlaðvarpi?
4. Hvað er það, skv. textanum, sem kvikmyndahús mega ekki gera?
5. Veldu þrjú orð í textanum sem þú hefur ekki oft séð eða notar sjálf/ur lítið. Skrifðu þessi þrjú orð niður ásamt orðskýringu.



Af og til kemst í fréttir að einhver lagahöfundur fer í mál við annan lagahöfund. Þá telur fyrri lagahöfundur að sá síðari hafi stolið laglínu eða texta úr sínu lagi. Lítum á eina slíka frétt frá aprílmánuði 2018:

## MÁÐAR LÍNUR STULDAR OG INNBLÁSTURS



MORGUNÚTVARPIÐ | 04.04.2018 | 10:48 |

Davíð R. Gunnarsson

Hvenær stelur maður lagi og hvenær fær maður löglegan innblástur? Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs segir að meta þurfi hvert tilvik fyrir sig en hún ræddi fyrirhugaða málsókn Jóhanns Helgasonar út af laginu „You Raise Me Up“ og nýuppkvaðinn dóm um lagið „Blurred Lines“ í Morgunútvarpinu.

Í gær greindi Vísir frá því að Jóhann Helgason hygðist stefna Universal Music og norska lagahöfundinum Rolf Løvland fyrir hugverkastuld. Jóhann segir lagið „You Raise Me Up“ sem er vinsælast í flutningi Josh Grobans vera óeðlilega líkt lagi sínu „Söknuður“ sem Vilhjálmur Vilhjálmsson söng. „Það eru mjög miklir hagsmunir í húfi fyrir Jóhann, það er ljóst að ef það yrði dæmt að hann eigi hluta af laginu „You Raise Me Up“, þá hefur hann í langan tíma farið á mis við mjög miklar höfundarréttargreiðslur,“ segir Guðrún Björk Bjarnadóttir í viðtali við Morgunútvarpið.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna fyrirhugaðrar málssóknar verði á annað hundrað milljónir króna og að kröfur um höfundarlaun og skaðabætur geti hlaupið á milljörðum króna, segir í tilkynningu sem send var á vegum Jóhanns. Guðrún segir ljóst að enginn höfði slíkt mál nema vera nokkuð viss um stöðu sína. „Ég held að miðað við hvað slík málsókn er dýr og orkufrek og tekur langan tíma, þá held ég að það leiki sér enginn að því að fara í svona mál nema hann telji sig hafa eitthvað til síns máls.“

STEF hefur stutt Jóhann við fyrirhuguð málaferli og lét meðal annars vinna sérfræðimat á líkindum laganna en samkvæmt því eru líkindin 97%. Guðrún segir að þó slík álitsgerð geti styrkt mál Jóhanns hafi hún ekkert lagalegt gildi. „Það er hægt að leggja hana fram sem eitt af sönnunargögnum sem dómari skoðar, en þú getur ekki bara með vísan í þetta mat krafist breytingar á skráningu lags.“ Guðrún segist persónulega telja að lögin séu sláandi lík og STEF hafi í nokkur ár síðan undirbúningur að málaferlunum hófst reynt að styðja við bakið á Jóhanni, þó samtökin geti ekki farið í málið fyrir hönd hans.

En hvernig er dæmt í svona málum hvort um stuld sé að ræða eða löglegan innblástur/virðingarovott? „Það er voðalega erfitt að gefa eina línu í þessu, sú mýta var lengi í gangi að það þyrfti ákveðinn fjöldi af tóktum að vera eins, en svo er ekki,“ segir Guðrún Björk. En það skipti máli ef hægt sé að greina eitt lag inni í öðru lagi, eins ef hægt sé að sýna fram á að þjófkenndi höfundurinn hafi á tilteknum stað/tíma heyrt lagið sem hann er sakaður um að stela.

Nýlegur dómur um lagið „Blurred Lines“ hefur einnig vakið mikla athygli en þar voru höfundar lagsins, Robin Thicke og Pharrell Williams, dæmdir fyrir að „stela stemningu“ úr laginu „Got To Give It Up“ eftir tónlistarmanninn Marvin Gaye. Guðrún segir þetta nokkuð sérstakan dóm. „Mín persónulega skoðun er sú að það sé aðallega takturinn sem er líkur. Það hefur kannski eitthvert fordæmisgildi í Bandaríkjunum, en lítið á Íslandi.“




Málaferlin um „Blurred Lines“ hafa staðið yfir í mörg ár og dómsmál líkt og það sem Jóhann Helgason er að hella sér út í getur kostað gríðarlega fjármuni, tíma og orku. Guðrún bendir á að í tilviki „Blurred Lines“ hafi dánarbú Marvins Gayes haft öfluga bakhjarla í sterkum plötufyrirtækjum sem Gaye var á mála hjá. „Það er á brattann að sækja þegar maður er að berjast við fjársterka aðila en þá skiptir máli hvort þú ferð í mál við plötufyrirtækið, eða höfundinn sjálfan sem býr á Norðurlöndunum, þá er þetta orðið aðeins einfaldara,“ segir Guðrún og vísar til hins norska Løvland sem Jóhann hyggst lögsækja.

## VERKEFNI

1. Hvað gerðist sem varð til þess að sá sem skrifaði umfjöllunina hafði samband við STEF til að leita ýmissa svara?
2. Hvað hefði Jóhann Helgason mögulega upp úr því að leggja út í kostnaðarsama málsókn?
3. Hefur STEF trú á því að Jóhann sé með góð rök á bak við sig fyrir því að sækja málið?
4. Hvað þýðir orðið mýta?
5. Af hverju telur framkvæmdarstjóri STEFs betra að lögsækja lagahöfundinn sjálfan, sem grunaður er um stuld en plötufyrirtækið sem gaf lagið út?
6. Eftir að hafa lesið alla umfjöllunina *Máðar línur stuldar og innblásturs*, hvernig tengist fyrirsögn fréttarinnar við innihaldið?
7. Hlustaðu annars vegar á lag Jóhanns „Söknuður“ og lagið „You Raise Me Up“ og hins vegar á lögin „Blurred Lines“ og „Got To Give It Up“.
  - a. Útskýrðu með þínum orðum hvernig þér finnst fyrri tvö lögin lík og seinni tvö lögin lík.
  - b. Finnst þér Jóhann hafa eitthvað til síns máls og að hann eigi rétt á höfundargreiðslum af laginu „You Raise Me Up“? Af hverju/Af hverju ekki?





Í þessari grein höfum við nú þegar skoðað höfundarréttinn í tengslum við ritað mál, kvikmyndir og þætti og við sköpun tónlistar. En höfundarréttur nær yfir svo margt annað. Til dæmis eiga arkitektar réttinn á því hvort og þá hvernig breytingar eru gerðar á húsum sem þeir teikna, ljósmyndarar eiga réttinn á ljósmyndum sem þeir taka og er því ekki hægt að nýta ljósmyndir án þess að fá leyfi ljósmyndarans og svo má lengi upp telja.

Hugmynd getur verið uppspretta auðæfa. Það getur verið súrt að fá hugmynd sem einhver annar framkvæmir eða nýtir sér á einhvern hátt á undan þér. Það er nefnilega ómögulegt að gera tilkall til hugmyndar, sem ekki er búð að vinna úr eða framkvæma. Hvað með að eiga hugmynd að einhverju dansspori? Eða hreyfingu sem fólk tengir almennt við þig, eða tengdi við þig hér á árum áður?

Í tölvuleiknum *Fortnite*, sem fyrirtækið Epic Games gaf út, geta spilarar keypt sér dansa. Lítum á frétt sem birtist á fréttaveitunni [www.mbl.is](http://www.mbl.is) þann 8. desember 2018:



## STOLNIR DANSAR Í FORTNITE?

VERÖLD/FÓLK | SUNNUDAGSBLAÐIÐ | 08.12.2018 | 16:08 |

Rapparinn 2 Milly hefur höfðað mál gegn Epic Games, sem gefur út tölvuleikinn *Fortnite*, á þeim forsendum að fyrirtækið hafi stolið dansspori frá honum.

Foreldrar sem eiga börn sem spila tölvuleikinn *Fortnite* hafa ábyggilega séð þau taka einhverja af fjölmörgum dönsum sem hægt er að dansa í leiknum. Einn þessara dansa heitir „Swipe It“. Nú hefur rapparinn 2 Milly höfðað mál gegn Epic Games og ásakar hann tölvuleikjaframleiðandann um að hafa stolið danssporinu sínu, „Milly Rock“, og selt það sem „Swipe It“ í leiknum. Mögulega er mikið í húfi því þótt *Fortnite* sé ókeypis leikur græða framleiðendurnir á honum í gegnum sölu á m.a. þessum dönsum. Leikurinn státar af 200 milljón skráðum notendum.

Í málinu, sem var höfðað í Los Angeles á miðvikudag, er Epic Games ekki aðeins ásakað um að hafa notað þennan dans án leyfis listamannsins. heldur er fyrirtækið ásakað um að hafa gert þetta margoft áður. Til dæmis er tekið dæmi um að dans Snoop Dogg úr „Drop It Like It's Hot“ heiti „Tidy“ í Fortnite og „Carlton Dance“ Alfonsos Ribeiros úr The Fresh Prince of Bel-Air heiti þar „Fresh“. Einnig segja lögfræðingarnir að dans Donalds Faisons úr Scrubs heiti einfaldlega „Dance Moves“.

„Þarna virðist vera um að ræða vanvirðingu og vanmat eða skort á þakklæti á verkum bandarískra listamanna af afrískum uppruna. Þarna er verið að nýta sér frægð þessara listamanna án nokkurrar viðurkenningar,“ sagði David L. Hecht, einn af lögfræðingum 2 Milly, við Washington Post.

„Vandamálið er að þeir sem spila leikinn gætu hugsað með sér að þessir listamenn leyfi þetta,“ sagði Hecht ennfremur. „Þannig er þetta ekki. Það að þessi dansspor séu til sölu flækir síðan málið.“





Hvernig dæmt verður í máli 2 Milly er ekki vitað þegar þetta er ritað, né heldur hvort Jóhann fari í mál með lag sitt „Söknuður“. En báðir listamennirnir eiga það sameiginlegt að standa vörð um höfundarverk sín.

## VERKEFNI

1. Nefndu a.m.k. þrjár starfsstéttir sem eiga höfundarrétt á verkum sínum.
2. Af hverju hefur 2 Milly höfðað mál gegn Epic Games?
3. Hvað er Milly Rock?
4. Hvernig hagnast Epic Games á danssporinu ef leikurinn er ókeypis?
5. a. Nefndu þrjá aðra listamenn sem fyrirtækið á einnig að hafa tekið dansa frá í leyfisleysi.  
b. Hvað eiga þessir þrír listamenn sameiginlegt, annað en að vera með töff hreyfingar sem Epic Games er að hagnast á?
6. Hvað finnst þér almennt um höfundarrétt?  
Af hverju heldur þú að höfundarréttarlög hafi verið sett?
7. Taktu afstöðu til þessarar málsgreinar:

*Höfundar eiga ekki að skipta sér af því ef aðrir nýta hluta af verkum þeirra sem innblástur í nýtt verk.*

Ertu sammála eða ósammála?

Rökstyddu skoðun þína með a.m.k. þrennum góðum rökum.





## RITDÓMUR – SÓLVÖRF

MÆÐGUR MEÐ DULRÆNA HÆFILEIKA  
LEYSA YFIRNÁTTÚRULEG SAKAMÁL



Höfundur: Emil Hjörvar Petersen

Útgefandi: Veröld

Prentun: Finnland

Síðufjöldi: 354 bls.

Kápuhönnun: Jón Ásgeir

Glæpasögur og furðusögur eru mest seldu skáldverk heims í dag og það er því vel til fundið að blanda þessum tveimur bókmennta-greinum saman. Það tekst Emil Hjörvari Petersen einkar vel eins og sást í fyrra á bókinni *Víghólar* og nú aftur í skáldsögunni *Sólvörð*. Í þeirri síðarnefndu höldum við áfram að flakka á milli vitunda mæðgnanna Bergrúnar og Brár sem skipta á milli sín stöðu fyrstu persónu sögukonu. Sagan hefst nokkrum mánuðum eftir að *Víghólum* lýkur, nánar tiltekið á jólnum sem huldumiðillinn Bergrún ver í að rannsaka óhugnanlegt sakamál ásamt sérdeild lögreglunnar í yfirnáttúrulegum málum, þar sem börn hverfa sporlaust af heimilum sínum.

Brá dóttir hennar er einnig ýmsum hæfileikum gædd og þær mæðgur leggja ásamt ýmsum vættum, verum og sjáendum í ferðalag milli heima til að leita barnanna sem kemur í ljós að var rænt með skelfilegt markmið í hyggju sem gæti kollvarpað heimsmynd og öryggi allra, sérstaklega þó barna á Íslandi. Best er að segja sem minnst til að skemma ekki ánægjuna fyrir væntanlegum lesendum en þó verður að hrósa höfundu fyrir einstaklega skemmtilega notkun á íslenska þjóðsagnaarfinum [...]. Í furðu- og fantasíusögum er gjarna flakkað á milli þess heims sem við þekkjum og heima sem liggja samsíða [...]. Í þessari bók er hulduheimurinn heimur þjóðsagnanna þar sem tröll og dvergar búa í stokkum og steinum og álfar flytja búferlum á jólum og áramótum og manneskjur með einhvers konar næmi eða miðilshæfileika ýmist sjá milli heima eða geta farið þar um. [...]

*Sólhvörf* er vel skrifuð furðusaga sem grípur lesandann frá fyrstu blaðsíðu. Sagan sver sig meira í ætt furðusagna [...] en glæpasagna enda forsendur þess að þær mæðgur dragist inn í rannsóknir lögreglunnar að eitthvað yfirnáttúrulegt sé á seyði. Eins og í öllum góðum glæpasögum snýst sagan þó ekki síður um rannsakandann, persónu hans og hagi en málið sem þarf að leysa.[...] Bókin er þrælsþennandi og heldur lesandanum við efnið. Aðdáendur jólasveinanna gætu þó þurft að tæma hugann nokkrum sinnum á meðan á lestrinum stendur.

Niðurstaða: Vel skrifuð og spennandi glæpafurðusaga sem vinnur með þjóðsagnaarfinn á áhugaverðan og skapandi hátt.

*Brynhildur Björnsdóttir, bókmenntagagnrýni  
úr Fréttablaðinu 24.11.2017*



## VERKEFNI

HULDUHEIMAR



1. Hver er höfundur þessarar greinar?
  - a. Brynhildur Björnsdóttir
  - b. Jón Ásgeir
  - c. Bergrún Björnsdóttir
2. Hver er höfundar bókarinnar sem fjallað er um og hvað kallast bókaútgáfan sem gefur hana út?
3. Hvor lýsingin á betur við um útlit bókarinnar miðað við það sem fram kemur í ritdómnum?
  - a. Bókin er þunn og létt í hendi.
  - b. Bókin er mjög þykk.
4. Gagnrýnandi virðist vera ánægður með bókina. Hvað í textanum styður þá kenningu? Nefndu þrennt.
5. Hvaða bókategundir eru þær vinsælustu í heiminum í dag?
6. Hvað veistu nú um söguna eftir að hafa lesið ritdóminn?
  - a. Sagan er sögð í 1. persónu. Hvað eru sögumenn margir og hvað heita þeir?
  - b. Hvernig tengjast þær og hvað er sérstakt við þær?
  - c. Hver er innri sögutími? Hvenær gerist sagan?
  - d. Í hvaða landi gerist sagan?
7. Segðu frá efni sögunnar í þremur málsgreinum. Um hvað fjallar sagan?
8. Hvert virðist höfundur bókarinnar sækja innblástur þegar hann skapar íbúa í hulduheimi?
9. Hvað kallast fyrri bókin sem segir frá sömu persónum?
10. Hvað merkir titill bókarinnar? Grúskið í orðabók og skoðið merkingu.
11. Hefur rithöfundurinn samið fleiri bækur?



BRÁ



SÓLHVÖRF



## SEMENYA, MARGFALDUR MEISTARI



Frjálsíþróttakonan Caster Semenya fæddist í Suður-Afríku í janúar árið 1991. Semenya var oft í fréttum í lok síðasta árs þrátt fyrir að ekkert mót hafi staðið yfir á þeim tíma. Fréttirnar snerust um kærumál hennar gegn fyrirhuguðum lagabreytingum af hálfu IAAF.

Alþjóða frjálsíþróttasambandið, IAAF, lagði fyrir þing sitt að breyta keppnisreglum í millivegalengdahlöpum. Breytingarnar fela í sér að banna konum með of hátt gildi karlhormóna í líkamanum að keppa í kvennaflokki, nema þær lækki karlhormónsgildin með lyfjum sex mánuðum fyrir keppni.

HEIMSMET!



Semenya, sem er tvöfaldur Ólympíumeistari og þrefaldur heimsmeistari í 800 metra hlaupi, féll á lyfjaprófi í fyrsta sinn á HM í Berlín 2009. Þar mældist hún með óeðlilega hátt gildi testósteróna, karlhormóna sem hafa áhrif á líkamsþroska og starfsemi kynkerfis karla.

Einhver kann að spyrja hvað það hafi að gera með hlaup. Alþjóða frjálsíþróttasambandið vill meina að ekki sé sanngjarnt fyrir keppendur í kvennaflokki ef einhverjir keppendur eru með beinabyggingu og vöðva-massa á við karlmenn.





Breytingartillagan hefur verið gagnrýnd harðlega. Meðal annars fyrir að ýta undir mismunun og að óréttlátt sé að íþróttasamband geti skilgreint kynin á nýja veginni út frá mælingum hormóna.

Semenya, sem hefur barist gegn tillögunni, freistar þess að fá bann á breytingatillögunna. Ef lögum verður breytt mun Semanya þurfa að taka lyf til að bæla niður of hátt testósterónmagn til að mega keppa á HM í frjálsum íþróttum í Katar seinna á árinu.

Lögmenn hennar hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem þeir fordæma þessa lagabreytingu og segja að málið snúist um réttindi kvenna. Að Semanya hafi fæðst sem kona og sé viðurkennd sem kona samkvæmt lögum.

IAAF lét hana gangast undir kynjapróf eftir að hún bætti heimsmeitið í bæði 800 og 1500 metra hlaupi. Niðurstöðurnar voru aldrei birtar opinberlega en orðrómur fór af stað að Semanya væri intersex. Einstaklingar sem fæðast intersex bera einkenni beggja kynja, sem gæti útskýrt af hverju Semanya er með hátt gildi karlhormóna.



1500 m

## VERKEFNI

1. Hvað er Caster Semanya gömul þegar fréttin var rituð?
2. Hvað er IAAF?
3. Hvers vegna finnst IAAF nauðsynlegt að breyta þessum lögum?
4. Hver eru rök þeirra sem vilja ekki breyta keppislögunum?
5. Má Semanya keppa í kvennaflokki ef lögunum verður breytt?
6. Hvaða orðrómur fór af stað í kjölfar kynjaprófs sem Semanya undirgekkst?
7. Búið er að dæma í máli Semanya. Grúskaðu á netinu og finndu út hvernig málið fór. Finnst þér dómurinn réttur/sanngjarn? Rökstyddu svar þitt með a.m.k. tvennum góðum rökum.
8. Spreyttu þig! Skrifðu íþróttufrétt um einhvern íþróttaviðburð eða íþróttamanneskju.



SEMENYA



800 m

## UPPFINNINGAR: @ MERKIÐ



Ýmis heiti eru notuð yfir táknið @:

- **at(t)**- merkið er komið úr enskri tungu (at).
- **á**-merkið tengist verslun og viðskiptum og mikið notað fyrir á öldum.
- **hjá**-merkið er íslensk þýðing á enska orðinu *at*.
- **vistmerkið** er tilraun til að smíða nýtt íslenskt orð yfir táknið. Ítalir tala um **snigilinn**, Hollendingar kalla það **apaskottið**, Svíar og Danir nota **snabel-a** sem þýðir **filmsrana -a**.

Táknið @ þekkjast allir. Merkið er mest notað í netföngum en líka til að vísa í notendanafn á samfélagsmiðlum. Ætla mætti að merkið hefði orðið til um leið og tölvupósturinn en svo er nú aldeilis ekki.

Uppruni táknsins er nokkuð á huldu. Rekja má táknið allt aftur til miðalda, til skinnhandrita sem skrifuð voru á latínu. Skrifurunum, líklegast munkum, var umhugað um að spara plássið á verðmætu bókfellinu og tóku því á það ráð að skammstafa eða fella saman bókstafi. Táknið @ er að finna í þessum handritum og sumir telja að það sé stytting á latneska orðinu *ad* (á ensku: toward). Í stað þess að eyða plássi í tvo stafi voru a og d felldir saman í þetta glæsilega tákn.

Í bréfi frá árinu 1536 notar kaupmaðurinn Francesco Lapi frá Flórens @ táknið þegar hann tilgreindi verð á víni í tunnum. Upp frá því varð táknið mikið notað í tengslum við verslun og viðskipti.

Þegar ritvélar komu á markað, um miðja 19. öld tók að halla undan fæti hjá @ merkinu. Ástæðan var sú að ekki var alltaf pláss fyrir táknið á lyklaborðinu. Næstu hundrað árin féll táknið að mestu í gleymsku.

Útlitið var ekki bjart hjá apaskottinu. En það átti svo sannarlega eftir að breytast. Árið 1971 sat maður að nafni Ray Tomlinson við vinnu sína í Bandaríkjunum. Hann var önnum kafinn við að finna upp og þróa tölvupóstinn. Það hafði vafist fyrir honum um nokkurt skeið hvernig hann gæti aðgreint nafn viðtakanda og tölvunnar sem skeytið átti að berast

til. Ray datt ekkert greinarmerki í hug sem ekki væri nú þegar í mikilli notkun. Hann prófaði að nota kommu, upphrópunarmerki og samasemerki en fannst það ekki koma nógu vel út. Þar til hann rak augun í tákn sem hann þekkti ekki. Ray fannst það sérkennilegt og ákvað að nota það til að búa til fyrsta netfangið. Stuttu síðar sendi hann sjálfum sér fyrsta tölvupóstinn. Hann man þó ekki hvað hann skrifaði í umræddan póst.

Táknið @ er nú í daglegri notkun hjá tölvunotendum um allan heim. Þetta fallega merki sem var við það falla í gleysku fékk nýtt hlutverk og er nú ómissandi á öllum lyklaborðum.

## VERKEFNI



1. Hverjir eru taldir hafa hannað táknið til að stytta orð?
2. Hvað er bókfell?
3. Hvers vegna þurfti að skammstafa eða stytta texta á miðöldum?
4. Hver var Francesco Lapi og hvernig tengist hann sögu @ merkisins?
5. Táknið fellur að mestu í gleysku í kringum árið 1900. Hvers vegna?
6. Hvert var hugsanlegt starfsheiti Ray Tomlinson? Við hvað heldur þú að hann hafi unnið?
7. Það vafðist fyrir Ray að finna tákn fyrir tölvupóstinn. Hvað er átt við?
8. Ef þú hefðir fundið upp tölvupóstinn og værir við það að senda fyrsta skeytið, hvað hefðir þú skrifað?
9. Hvað finnst þér um þau heiti sem hafa fylgt tákniinu? Hvaða heiti passar best að þínu mati? Hvaða heiti finnst þér flottast? Dettur þér í hug nýyrði sem ætti betur við?



SNIGILLINN  
ARASKOTTIÐ  
VISTMERKI

ray@ray.us

~~ray.ray.us~~ ray,ray.us





## ORÐAFORÐI

ORÐAFORÐI ÞINN MÆLIST AF ÞEIM FJÖLDA ORÐA SEM ÞÚ ÞEKKIR OG GETUR NOTAÐ Í TÖLUÐU MÁLI. HÉR KOMA NOKKUR ORÐ SEM ÞÚ GETUR SAFNAÐ Í ÞINN ORÐAFORÐASARP. ←

Öll orðin hér fyrir neðan eru nýtilkomin í tungumálið okkar. Þau eru nýyrði og sýna hvernig við sem tölum íslensku í dag getum leikið okkur að tungumálinu og þróað það. Tungumál eru lifandi og þau þurfa að breytast í takt við samfélagið og henta nútímafólki. Spurningin um það hvort þessi nýyrði hér fyrir neðan muni festast í sessi fer allt eftir því hvort fólk líki við þau og noti í daglegu tali.

**Loftslagsflóttamaður:** Orðið flóttamaður nær til fólks sem flúið hefur heimili sitt og jafnvel föðurland, til dæmis út af stríði eða ofsóknum. Nýtt orð í málinu er loftslagsflóttamaður. Það orð nær til fólks sem flýja þarf landssvæði, sem það hefur búið á, út af breyttu loftslagi í heiminum. Til dæmis út af hlýnun jarðar og vatnsskortri.

**Ellinaðra:** Sum nýyrði vísa til orða sem við þekkjum nú þegar í málinu okkar. Þetta orð er dæmi um það. Hér er búið að taka orðið skellinaðra, sem er létt bifhjól og fjarlægja fyrstu tvo stafi orðsins. Orðið vísar í rafskutlur sem eldra fólk og aðrir sem eiga erfitt með gang nota til að komast á milli staða.



**Skjáfíkn:** Orð sem lýsir því að vera háður snjalltækjum, t.d. sjónvarpi, tölvuleikjum, sínum og spjaldtölvum. Orðið var mikið notað í fréttum árið 2018 þar sem sagt var að þeir sem þjáist af skjáfíkn geti varið fjölmörgum klukkutímum á dag fyrir framan tölvu-, sjónvarps- og/eða símaskjá. Skjáfíkn veldur skaða þegar hún kemur í veg fyrir samverustundir, vinnu, nám, hreyfingu eða annað sem einstaklingur ætti frekar að verja tíma sínum í.

**Glásgláp:** Í framhaldi af orðinu skjáfíkn er hægt að skoða öll nýyrðin sem hafa orðið til við enska hugtakið „binge watching“. Athöfnin felur í sér að horfa á margar kvikmyndir eða sjónvarpsþætti í röð. Til dæmis að horfa á heila þáttaseríu án þess að gera mikið hlé á milli. Mörg orð hafa litið dagsins ljós á samfélagsmiðlum, t.d. sagnorðin að hámhorfa, þráhorfa og glásglápa. Sem og nafnorðin starapon, þáttagúff og lotugláp. Þegar þessi kennslubók er rituð hefur þjóðin ekki fundið eitt orð til að sættast á.

## VERKEFNI

1. Hvers vegna er mikilvægt að fólk hafi hugmyndaflug til að smíða ný orð?
2. Hvað ákvarðar það hvort nýtt orð festist í tungumálinu?
3. Af hverju telur þú að orðið loftslagsflóttamaður hafi orðið til?
4. Hvort finnst þér orðið rafskutla eða ellinaðra betra til að lýsa farartækinu sem eldra fólk notar gjarnan til að ferðast á? Af hverju?
5. Af hverju er skjáfíkn slæm?
6. Hvað er að hámhorfa og þráhorfa?
7. Skoðaðu orðið starapon. Hvaða orðum er hér skeytt saman og af hverju er starapon lýsandi fyrir athöfnina að glásglápa á sjónvarpsefni?
8. Hvaða orð finnst þér lýsa best þeirri iðju að glásglápa (þú mátt smíða nýtt orð ef þér líst ekki á orðin sem talin eru upp)? Af hverju?



GLÁSGLÁP

STARAPON



# TÓNLISTARHÁTÍÐIR

Langar þig á tónlistarhátíð sem haldin er utan landsteinanna?

## Tónferðir eru með miða á þrjár hátíðir í sumar sem þú getur krækt þér í:

Frekari upplýsingar og bókanir á [www.tonferdir.is](http://www.tonferdir.is) eða í síma 565 1234

### Hróarskelduhátíðin

**Hvar:** Í Roskilde í Danmörku.

**Hvenær:** 29. júní–7. júlí.

**Einkenni hátíðarinnar:** Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan 1971. Fyrsta hátíðin stóð í tvo daga, þar spiluðu 20 hljómsveitir á tónleikum fyrir um tíu þúsund manns. Núna koma um 130.000 tónleikagestir á hátíðina og margar af vinsælustu hljómsveitum heims stíga þar á svið.

**Ferðin í hnotskurn:** Flogið til Kaupmannahafnar fimmtudaginn 4. júlí og keyrt til Roskilde. Gist í fjórar nætur í tjaldhúsum, sem eru tjöld á upphækkuðum palli með tveggja manna dýnu. Í tjaldhúsinu er aðgangur að rafmagni og öryggishólfi. Á svæðinu eru sturtur, salerni, þvottaaðstaða og veitingabásar. Keyrt út á flugvöll og flogið heim frá Kaupmannahöfn 8. júlí.

**Innifalið í ferðinni:** Flug og 20 kg farangur, gisting í tjaldhúsi, aðgöngumiði á tónlistarhátíðina. Akstur til og frá flugvelli í Danmörku.



### Látíð það rúlla

**Hvar:** Í Milovice í Tékklandi.

**Hvenær:** 1.–3. ágúst.

**Einkenni hátíðarinnar:** Hátíðin er haldin í gamalli herflugstöð og hefur verið við lýði síðan 2002. Tónleikagestir geta valið um tónleika á níu mismunandi sviðum. Sannkölluð tónlistarveisla fyrir þá sem hafa áhuga á rafdanstónlist.

**Ferðin í hnotskurn:** Flogið til Prag 31. júlí og keyrt til Milovice. Gist í fjórar nætur á aðaltjaldsvæðinu þar sem eru sturtur og salerni auk veitingabása. Keyrt út á flugvöll og flogið heim frá Prag 4. ágúst.

**Innifalið í ferðinni:** Flug og 15 kg farangur, gisting í tjaldi sem búið er að setja upp við komu, aðgöngumiði á tónlistarhátíðina. Akstur til og frá flugvelli í Tékklandi.



## Montreux djasshátíðin


**Hvar:** Í Montreux í Sviss.

**Hvenær:** 28. júní–13. júlí.

**Einkenni hátíðarinnar:** Ein af elstu tónlistarhátíðum Evrópu. Var fyrst haldin árið 1967. Á hátíðinni hafa fleiri þekktir tónlistarmenn spilað en á öðrum tónlistarhátíðum. Sem dæmi hafa hljómsveitir og tónlistarmenn á borð við Queen, Bob Dylan, David Bowie, Aretha Franklin og Miles Davis stigið á svið í gegnum tíðina.

**Ferðin í hnotskurn:** Flogið til Genfar fimmtudaginn 11. júlí og keyrt til Montreux. Gist í þrjár nætur á 3ja stjörnu hóteli. Akstur frá hóteli á tónleikasvæðið á klukkutíma fresti á meðan á tónleikahaldi stendur. Keyrt út á flugvöll og flogið heim frá Genf 14. júlí.

**Innifalið í ferðinni:** Flug og 23ja kg farangur, gisting á þriggja stjörnu hóteli, aðgöngumiði á tónlistarhátíðina. Akstur frá gististað á tónleikasvæðið. Akstur til og frá flugvelli í Sviss.



## VERKEFNI

ROCK

1. Hvað þýðir *fyrir utan landsteinana*?
2. Hver ferðanna er styst af þeim sem eru í boði?
3. Raðaðu hátíðunum niður eftir þyngd farangurs sem þú mátt hafa með. Þyngsti kosturinn fyrst.
4. Af hverju telur þú að Hróarskelduhátíðin dragi nafn sitt?
5. Þú átt tveggja vikna sumarfrí frá 10. júlí og þig langar að kíkja á tónlistarhátíð. Getur þú komist á einhverja af þessum þremur hátíðum með Tónferðum?
6. Fyrir þann sem hlustar mest á raftónlist, hvaða hátíð myndi henta best?
7. Hvaða hátíð er styst og hvaða hátíð er lengst?
8. Ef þú hefur tækifæri til að fara á eina af þessum þremur hátíðum, hver yrði fyrir valinu? Af hverju sú hátíð?



## HEIMILDIR

Ásgrímur Ingi Arngrímsson. 2016. *Kveðið sér ljóðs*. Ásgrímur Ingi Arngrímsson, Akureyri.

Brynhildur Björnsdóttir. *Jólasveinar ganga um gátt*. Fréttablaðið, 227. tölublað (24.11.2017). Blaðsíða 76.

Davíð Roach Gunnarsson. *Máðar línur stuldar og innblásturs*. <http://www.ruv.is/frett/madar-linur-stuldar-og-innblasturs>. Sótt 09.02.2019

Inga Rún Sigurðardóttir. *Stolnir dansar í Fortnite*. [https://www.mbl.is/folk/frettir/2018/12/08/stolnir\\_dansar\\_i\\_fornite/](https://www.mbl.is/folk/frettir/2018/12/08/stolnir_dansar_i_fornite/). Sótt 09.02.2019

Jón Már Halldórsson. *Hvað getið þið sagt mér um hvítháfa?* Vísindavefurinn, 18. maí 2007.

Kristján Jónsson. *Jón Arnór stigahæstur í síðasta leiknum*. [https://www.mbl.is/sport/korfubolti/2019/02/21/jon\\_arnor\\_stigahaestur/](https://www.mbl.is/sport/korfubolti/2019/02/21/jon_arnor_stigahaestur/). Sótt 05.12.2018

Ólafur Haukur Símonarson. *„Gaggó Vest“*. <https://glatkistan.com/2017/02/28/gaggo-vest/>. Sótt 01.02.2019

Sigurbjörg Þrastardóttir. 2000. *Hnattflug*. JPV forlag, Reykjavík.

Vera Illugadóttir. *Kettir – Í ljósi sögunnar*. <http://www.ruv.is/utvarp/spila/i-ljosi-sogunnar/23795?ep=72tl2v>. Sótt 19.01.2019

*Rafíþróttaskólinn* – Um rafíþróttir. <https://www.rafithrottaskolinn.is/um-rafithrottir>. Sótt 28.01 2019.

Textinn *Blóðug barátta* er unnin upp úr grein eftir Naomi Pike. *„Period Poverty“* Vogue magazine, 2017 <https://www.vogue.co.uk/article/amika-george-period-poverty>. Sótt 02.02.2019



## LJÓSMYNDIR

Bls. 3, 4, 5 neðri, 7, 9, 11, 18, 20, 24, 27, 37, 38, 41, 42, 50, 52, 54, 56, 57, 60, 66, 70, 97, 102, 106, 108, 109, Shutterstock

Bls. 5 efri, ljósmyndari: Vilhelm Gunnarsson

Bls. 6 birt með leyfi foreldra barnanna á myndinni, ljósmyndari: Björk Eiðsdóttir

Bls. 22 birt með leyfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur, ljósmyndari Sveinn Þórðarson

Bls. 25 fengin af vef BBC

Bls. 29 ljósmyndari: Unnur Árnadóttir

Bls. 30 Wikipedia

Bls. 31 Wikipedia

Bls. 39 Wikimedia

Bls. 45, 46, 47 birt með leyfi Gísla Einarssonar hjá RUV

Bls. 63 WikiDaily

Bls. 88 Wikimedia

Bls. 90 birt með leyfi Amiku George

Bls. 93 mbl.is, ljósmyndari: Ómar Óskarsson

Bls. 99 birt með leyfi bókaútgáfunnar Bjartur og Veröld



## ÚTBROT – LESSKILNINGUR FYRIR UNGLINGA

ISBN 978-9979-0-2577-1

© 2020 Ása Marin Hafsteinsdóttir, Kristjana Friðbjörnsdóttir

© 2020 Teikningar og hönnun: Blær Guðmundsdóttir

Lista yfir réttihafa ljósmynda er að finna aftast í bókinni.

Ritstjórar: Arna Guðríður Sigurðardóttir og Sigríður Wöhler

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

Yfirlestur og fagleg ráðgjöf: Dagný Elfa Birnisdóttir skólasafnskennari,  
Freyja Auðunsdóttir framhaldsskólakennari og Þóra Hjörleifsdóttir grunnskólakennari  
og rithöfundur

1. útgáfa 2020

Menntamálastofnun




Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, myndskreyta og útgefanda.

ZZZZZ



UNGLINGUR




# ÞÚ HEFUR FENGIÐ ÚTBROT


Í þessari kennslubók eru ólíkir textar sem þú getur nýtt þér til þjálfunar. Þeir eru upplýsandi og geta fært þér nýja sýn á menn og málefni líðandi stundar. Textunum fylgja verkefni sem reyna á athygli þína, ályktunarhæfni og skilning. Aldrei að vita nema ÚTBROT fái þig til að brjótast út úr viðjum vanans og auki þekkingu þína. Um leið og lesskilningur þinn eykst munt þú meðal annars fræðast um unga aðgerðasinna, sögu heimiliskatta, rómantík, nýyrði, listaverkastuld, tónlistarhátíðir, bílpróf og peninga.

Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, báðar með langa reynslu af kennslu í grunnskólum. Þær eru rithöfundar og hafa skrifað fyrir börn og fullorðna ljóð, skáldsögur og námsefni. Áhugamál höfunda eru m.a. að plokka, borða rjómaís og stúdera ellinöðrur.

ÞETTA ER  
HELST Í  
FRÉTTUM



MEGI MÁTTUR TUNGUMÁLSINS ÁVALLT VERA MEÐ ÞÉRI!



MENNTAMÁLASTOFNUN

40316

